HRÚTASKRÁ

2026 - 2027



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
SUÐURLANDS

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
VESTURLANDS



Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

Kraftblanda-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

Kraftblanda-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

Bústólpi

VORAR

bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

EFNISYFIRLIT

Skýringar 4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum 6
Suðurland
Hyrndir hrútar 8
Kollóttir hrútar 20
Bæklingur um riðumál....29
Hrútar 2026-27, lambhrútaskoðun og kynbótamat....34
Vesturland
Hyrndir hrútar 36
Kollóttir hrútar....46
Árangur sæðinga og kjötmat.... 54
Breytingar á heildareinkunn kynbótamats í sauðfjárrækt....55
Ræktun gegn riðu hefur ekki aukið skyldleikarækt (enn)....56
Sauðfjársæðingar og beiðsli....58

SUÐURLAND

HYRNDIR HRÚTAR

Álfur 21-981 8
Bryti 25-814 8
Goði 25-816 9
Boði 25-835 (nýr) 9
Kaggi 25-836 (nýr) 10
Gnarr 25-837 (nýr) 10
Þrymur 26-841 (nýr) 12
Þyrnir 26-842 (nýr) 12
Ljár 26-843 (nýr) 13
Bjúgnakrækir 26-844 (nýr) 14
Otur 26-845 (nýr) 14
Dallas 26-846 (nýr) 16
Víkingslækur 26-847 (nýr) 16
Búri 26-848 (nýr) 17
Grímur 26-849 (nýr) 17
Arinn 26-850 (nýr) 18
Tappi 26-851 (nýr) 18

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Natan 25-825 20
Fáni 25-831 20
Potter 25-834 21
Pípari 26-862 (nýr) 21
Bent 26-863 (nýr) 22
Einbúi 26-864 (nýr) 22
Ísar 26-865 (nýr) 24
Hólmi 26-866 (nýr) 25
Kópur 26-867 (nýr) 26
Taktur 26-868 (nýr) 26

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Brúskur 26-875 (feldhr.) (nýr) 28
Grettir 25-877 (forystuhr.) (nýr) 28

VESTURLAND

HYRNDIR HRÚTAR

Miðill 25-804 36
Gígur 25-807 36
Skörðungur 25-811 37
Sóli 25-838 (nýr) 37
Felix 25-839 (nýr) 38
Vísir 26-852 (nýr) 38
Ketill 26-853 (nýr) 40
Gullteigur 26-854 (nýr) 40
Hrollur 26-855 (nýr) 41
Dropi 26-856 (nýr) 42
Flosi 26-857 (nýr) 42
Fengur 26-858 (nýr) 44
Skollafótur 26-859 (nýr) 44
Galdur 26-860 (nýr) 45
Vargur 26-861 (nýr) 45

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Kútur 24-983 46
Mörður 25-823 46
Vífill 25-840 (nýr) 48
Ossi 26-869 (nýr) 48
Þróttur 26-870 (nýr) 49
Segull 26-871 (nýr) 49
Húni 26-872 (nýr) 50
Appoló 26-873 (nýr) 50
Fagridalur 26-874 (nýr) 52

FELD- OG FORYSTUHRÚTAR

Feldur 26-876 (feldhr.) (nýr) 53
Séra Oddur 25-878 (forystuhr.) (nýr) 53

Hrútaskrá 2026-20267
Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson
Mynd á forsíðu: Í sumarhögum í Húsavík eystri

© Halla Eygló Sveinsdóttir.

Myndir af hrútum: Birna Sigurðardóttir, Eyþór Einarsson og Halla Eygló Sveinsdóttir.
Umsagnir og lýsingar hrúta eru unnar af Árna B. Bragasyni, Eyjólfi Ingva Bjarnasyni, Eyþóri Einarssyni og Fanneyju Ólöfu Lárusdóttur hjá RML.
Sérstakar þakkir fá Sigurður Kristjánsson og Þórdís Þórarinsdóttir fyrir veitta aðstoð.
Umbrot: Rósa Björk.
Prentun: Fjölritunar- og útgáfuþjónustan, nóvember 2026



SKÝRINGAR

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Árni Brynjar Bragason hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ


Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því minni er fitan. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr skýrsluhaldi, í því felst mat á kynbótagildi gripanna þ.e. hverju þeir eru líklegir til að skila til afkvæma sinna. Í sauðfjárrækt er reiknað kynbótamat fyrir gerð og fitu sláturlamba, ómvöðva og ómfitu úr lambadómum, líf- og fallþunga haustlamba, ásamt frjósemi og mjólkurlagni áa. Kynbótamatið er staðlað þannig að meðaltal síðustu 10 árganga er 100.
Í sviga í súluritum hrútanna birtast upplýsingar um fjölda afkvæma með mælingu fyrir hvern eiginleika í útreikningi kynbótamatsins (n = x).



KYNBÓTAMAT FYRIR GERÐ, FITU OG BAKVÖÐVA

Í mati fyrir GERÐ og FITU sláturlamba eru nú keyrðir saman sem tengdir eigineikar ómvöðva- (ÓMV) og ómfitu- (ÓMF) mælingar úr lambaskoðunum, sem byggja á bakvöðvamælingu og fitu yfir bakvöðva. Með því eykst öryggi kynbótamatsins fyrir sláturеiginleikana og það lagar bjögun á gerðarmati hrúta sem mikið er sett á undan. Í líkönum fyrir GERÐ, FITU, ÓMV og ÓMF er leiðrétt fyrir þungaflokki, kyni, búi og ári.

KYNBÓTAMAT FYRIR FALLÞUNGA

FALLÞUNGA- og LÍFÞUNGAmælingar haustlamba eru keyrðar saman í kynbótamati sem tengdir eiginleikar. Einkunnir fyrir þunga skiptast svo niður í einkunnir fyrir bein áhrif og mæðraáhrif. Einkunnir fyrir bein áhrif eru mat á vaxtargetu lambanna sjálfra. Dæmi: Feður þungra og vænna lamba við vigtun og/eða slátrun fá góðar einkunnir fyrir bein áhrif FALLÞUNGA. Einkunnir fyrir mæðraáhrif eru mat á afurðasemi áa/dætra og koma í stað kynbótamats fyrir mjólkurlagni. Dæmi: Reyndir hrútar sem fá góðar einkunnir fyrir mæðraáhrif FALLÞUNGA eiga dætur sem eru mjólkurlagnar og skila af sér þungum lömbum eftir sumarið. Í líkönum fyrir þunga er leiðrétt fyrir kyni, burði lamba og fjölda sem gengu undir móður, búi, ári, aldri við vigtun/slátrun og degi vigtunar/slátrunar.

KYNBÓTAMAT FYRIR MJÓLKURLAGNI OG FRJÓSEMI

Upplýsingar um afurðastig og fædd lömb fyrstu fjögur afurðaár áa eru notaðar til að reikna mat fyrir MJÓLKURLAGNI og FRJÓSEMI. Í samsettri einkunn fyrir MJÓLKURLAGNI hefur hvert ár 25% vægi. Í samsettri einkunn fyrir FRJÓSEMI er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár.

LITAERFÐIR

Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn segir til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í **FJARVIS.IS** geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í **FJARVIS.IS.**



Búvörur

Fyrir Bú & Borg

Verslun Dufþaksbraut 3, 860 Hvolsvelli | S: 575 6099
Opið virka daga kl.: 09:00-17:00

Sláturfélag Suðurlands - Fosshálsi 1, 110 Reykjavík |
S: 575 6070 | buvorur@ss.is - www.buvorur.is

VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ

Vitlick Soft Sheep



Stein- og snefilefnarík bætiefnafata með hvítlauk sem er hentug með vetrarfóðrun.
Hátt seleninnihald.

15 kg fata

Salto saltsteinar



Saltsteinar sem innihalda náttúrulegt bergsalt og má notast við lífræna ræktun.
Hægt að fá án eða með stein- og snefilefnum.

10 kg steinn

VM Sheep

NÝ VARA



Steinefnablanda frá Vilofoss. Lystug og kalsíumrík blanda sem hentar vel íslenska sauðfénu. Inniheldur engan kopar og má notast við lífræna ræktun.

25 kg pokar

Ærblanda SS

NON GMO

Óerfðabreytt kjarnfóður

Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika og tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt.

Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum.
Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

15 kg pokar / 750 kg sekkir

Stalosan F

VINSÆL VARA

Náttúrulegt sótthreinsiduft

Frábær forvörn gegn slefsýki



Stalosan F vinnur gegn bakteríum, vírusum, sveppum og snýkjudýrum. Slefsýki í lömbum orsakast af E. coli sem berst með óhreinindum, oft á undan broddmjólkinni. Stalosan F hefur reynst vel til að fyrirbyggja smit.
Með góðum forvörnum sparast vinna og kostnaður við lyf.

15 kg pokar



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVARNAR

SUÐURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Pantanir berist fyrir kl. 8:00 samdægurs í gegnum pöntunarform sem er að finna á **www.bssl.is**, og er ætlað fyrir bændur á Suðurlandi, einnig einnig má senda tölvupóst á **sveinn@bssl.is**, eða í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00 samdægurs.

Afgreiðslu á sæði lýkur venjulega milli kl. 10:00 og 11:00 en eftir það er hægt að ná í Svein í síma **894 7146**.

SKIPULÖGÐ ÚTKEYRSLA HRÚTASÆÐIS Á SUÐURLANDI:

A. Vestur-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar. Frá 9.-12. des.
B. Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsveitir Árnessýslu. Frá 13.-16. des.
C. Uppsveitir Árnessýslu. Frá 17.- 20. des.
D. Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum frá og með 1. des. og til og með 9. des.

PANTANIR UTAN SVÆÐA

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær	2.000 kr./sk.
20-49 sæddar ær	1.560 kr./sk.
50-99 sæddar ær	1.350 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar	1.230 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.
Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær.
Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.
Kostnaður við hlífðarrör er innifalinn í verði sæðis.

VESTURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl 23:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á www.buvest.is Einnig er hægt að panta í síma 437 1215 en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið bv@bondi.is, eða í síma 892 0517.

SKIPULAG Á VESTURLANDI:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í **fjarvis.is** af viðkomandi bónda eða sæðingamanni.

HVATASTYRKIR VEGNA SÆÐINGA MEÐ V OG MV HRÚTUM

Í samræmi við landsáætlun um útrýmingu á riðuveiki mun atvinnuvegaráðuneytið greiða hvatastyrki vegna sæðinga með hrútum sem bera V eða MV arfgerðir.

Miðað er við að styrkupphæð á hverja kind sem sædd er með hrút sem ber V arfgerð (ARR) sé 1.230 kr og styrkur út á hverja kind sædda með hrútum sem bera MV arfgerð sé 615 kr. Ekki skiptir máli hvort hrúturinn sé arfblendinn eða arfhreinn.

Styrkupphæð er birt með fyrirvara um að styrkupphæð pr. kind getur lækkað ef heildarfjármunir sem ætlaðir eru til niðurgreiðslu á sæðingum duga ekki.

Forsenda þess að styrkir verði greiddir er að bændur hafi skráð sæðingar í Fjárvís (undir „skrá sæðingu“) eigi síðar en fimmtudaginn 7. janúar 2027.

Styrkir verða greiddir út af atvinnuvegaráðuneytinu í gegnum Afurð (www.afurd.is).

LÍFLAND

Kjarngóðar ærblöndur



Ærblöndurnar frá Líflandi henta íslensku sauðfé og eru samsettar með efnaþarfir íslensks sauðfjár að leiðarljósi.

Ærblanda

Próteinríkt (24%) orkufóður sem hentar þar sem þörf er á sterku fengieldi. Inniheldur ríflegt hlutfall fiskimjöls sem eykur meltanleika.

Ærblanda LÍF

Hagkvæm blanda með 15% próteini sem leggur til viðbótar prótein og orku og hentar með betri heyjum.

Ærblöndurnar fást í 25 kg og 500 kg sekkjum

Bætiefni



NÝ VARA

Sauðfjárfata LÍF

Lystug og hagkvæm steinefna- og vítamínfata fyrir sauðfé. Auðug af seleni og hentar vel í kringum tilhleypingar, fengitíma, innistöðu og síðvetrar fyrir sauðburð.

Skannaðu QR kóðann fyrir nánari upplýsingar



Sauðfjárfata

Bætiefnafata sérstaklega ætluð íslensku sauðfé. Auðug af lífsnauðsynlegum stein- og snefilefnum.



FW steinefnasteinn

Steinefna- og selenbættur saltsteinn fyrir allan bústofn. Koparsnauður og hentar því sauðfé.



Super booster fyrir sauðfé

Styður við frjósemi og fanghlutfall áa, frjósemi og úthald hrúta, efnaskipti, ónæmi og viðbragð við bólusetningu, minnkuð afföll og broddgæði.



Sauðfjársteinn


Saltsteinn fyrir sauðfé. Inniheldur lífrænt selen og fleiri lífsnauðsynleg stein- og snefilefni. Sauðfjársteinninn er koparsnauður.

Sala og ráðgjöf **Sími 540 1100** | **www.lifland.is** lifland@lifland.is | **Reykjavík** Korputorg | **Akureyri** Grímseyjargata 2 | **Borgarnes** Digranesgata 6 | **Blönduós** Efstabraut 1 | **Hvolsvöllur** Ormsvöllur 5 | **Selfoss** Austurvegur 69



21-981 ÁLFUR

frá Laxárdal 3, Hrútafirði



H154

F HEIMAKLETTUR 16-826 frá Hriflu	FF DRANGI 15-989 frá Hriflu
	FM 10-862
M 16-195	MF ODDUR 14-378
	MM 09-967

MFF: Bósi 08-901, MMF: Olli 06-985, FMFF: Púki 06-807, FMMF: Hylur 01-883

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Bolur sívalur og sæmilega breiður. Lærvöðvar ákaflega kúptir og vel lagaðir. Sterkbyggður og harðholda hrútur. Fótleggur í október 2025 120 mm.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár fundust aftan til í reyfi. Togið fremur stutt og í grófara lagi. Þelið fremur þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi miðað við aldur.

Reynsla: Álfur 21-981 verður aldursforseti stöðvahrútanna að þessu sinni og er að hefja sinn annan vetur á stöð. Hann fékk þokkalega notkun á sínum fyrsta vetri á stöð og voru sæddar með honum ríflega 500 ær. Búið er að skrá dóma á 83 hrútum og 199 gimbrum í Fjárvísi. Synir hans eru vænir, næstþyngstir á fæti af sonum hyrndu hrútanna þetta haustið enda hækkar kynbótamat hans fyrir fallþunga umtalsvert á milli ára. Þykkt bakvöðva er við meðaltal, ómfita nokkuð yfir því. Stigun liggur um eða rétt undir meðaltali fyrir alla þætti. Svipaða sögu er að segja um gimbrarnar nema þar er enga yfirburði að sjá í lífþunga. Fallþungi sláturlamba undan Álfi þetta haustið var 18,6 kg, gerðarmat 10,3 og fitumat 6,8.


Dætur Álfs heima í Laxárdal voru mjög frjósamar sl. vor. Sautján fullorðnar dætur hans báru að jafnaði 2,12 lömbum, níu tvævetlur 2,0 lömbum og tólf veturgamlar báru 1,58 lömbum. Kynbótamat Álfs fyrir frjósemi dætra hefur hækkað úr 104 í 108 milli ára. Þær virðast jafnframt mjólka lömbum sínum prýðilega.

Litaerfðir: Álfur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórautt né tvílitt.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 30/9 2021-52-105-35/4,3/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=88,5 stig.


Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	83
Þungi	49,4
Fótleggur	109,0
Læri	17,8
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,9
Ómfita	3,8
Lögun	4,2





25-814 BRYTI

frá Hægindi, Reykholtsdal



R171

H154

F BRIMILL 24-950 frá Kópsvatni 2	FF HARRI 23-014
	FM 18-303 frá Haukholtum 1
M VEISLA 19-929	MF FÁFNIR 16-995 frá Mýrum 2
	MM KRÁS 17-707

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Aðeins grófur um herðar en bollangur og sterkbyggður hrútur. Mjög gæfur og rólegur.

Ullarlýsing: Ljósgulur á fótum en ekki í hnakka eða við dindil. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið mislangt, fremur stutt á köflum og ullin stutt á baki. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Bryti 25-814 fékk dágóða notkun á sínum fyrsta vetri á stöð og voru sæddar um 600 ær með sæði úr honum. Búið er að skrá dóma á 115 sonum Bryta. Stigun lambanna var nokkuð breytileg en hann gaf í meðallagi þykkan bakvöðva að jafnaði. Afkvæmin virðast oft ekki láta mikið yfir sér á fæti en kostirnir koma betur fram í kjötmati. Meðalfallþungi sláturlambanna undan honum var 18,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og fyrir fitu 6,5. Þessi útkoma er góð í samanburði við niðurstöður annarra stöðvahrúta í haust og ef horft er til hyrndu ARR-hrútanna er útkoma þeirra Bryta og Áttunda 25-806 í raun sterkust. Kynbótamat Bryta fyrir gerð og fallþunga hækkaði í haust eftir að reynsla kom á hann en lækkar aðeins fyrir bakvöðvaþykkt ef miðað er við spána sem fylgdi honum síðasta haust.

Veisla 19-929, móðir Bryta, var einlembd gemlingur en hefur ætíð verið tvílembd síðan og skilaði í haust tveim þrælvænum lömbum líkt og fyrri ár. Hún er með 7,6 afurðastig.


Erfðaframlag Gimsteins: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola: 0%

Litaerfðir: Bryti er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).


Mál og stigun: 12/10 2025-54-106-34/3,4/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	115
Þungi	46,2
Fótleggur	108,6
Læri	17,6
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,7
Ómfita	3,0
Lögun	4,3





25-816
GOÐI
frá Miðdal, Kjós



R171

F **ÆGIR 22-0125**	FF **KAPPI 16-839** frá Þóroddsstöðum
	FM **ÞYRNIRÓS 20-012**
M **ALGEBRA 24-057**	MF **BJARKI 23-922** frá Hafrafellstungu I
	MM **YDDA 21-024**
FMFF og MMFF: Fáfnir 16-995	

Lýsing: Hvítur, hyrndur með svipmikinn haus og gott hornalag. Breiður um herðar, útlögumikill og bringubreiður. Malir mjög breiðar og lærahold frábær. Mikill glæsigripur á velli.

Ullarlýsing: Gulur á dindli en ljósgulur í hnakka og á fótum. Gul hár fundust á mölum. Togið fremur fínt, liðað og nokkuð jafnt að lengd. Þelið þykkt og hrúturinn ullarmikill.

Reynsla: Goði 25-816 var einn af eftirsóttari hrútum stöðvanna sl. vetur og skráðar á hann tæplega 1.100 sæðingar. Skráðir hafa verið dómar á 193 syni hans. Þeir eru í vænni kantinum af afkvæmum stöðvahrúta. Mælingar og stigun liggja við meðaltal sona stöðvahrútanna. Mörg góð hrútsefni komu fram undan Goða. Skráðir hafa verið dómar á 301 dóttur hans og voru þær eins og bræður þeirra í þyngri kantinum á fæti. Afkvæmi Goða eru jafnvaxin, sterkbyggð og holdþétt, oft með áberandi víðan frampart. Þykkt bakvöðva er í tæpu meðallagi í samanburði við aðra afkvæmahópa. Afkvæmahópurinn er samstæður og svipfríður. Fallþungi sláturlamba undan Goða var 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og fyrir fitu 6,7. Margt bendir til að Goði muni reynast góður alhliða kynbótahrútur.

Algebra 24-057, móðir Goða, var þrílembd nú í vor og tvílembd gemlingur. Hún er með 6,6 afurðastig fyrir tvö ár.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Goði er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórautt né tvílitt.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).


Mál og stigun: 9/9 2025-54-108-32/2,3/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-9,0=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	193
Þungi	49,1
Fótleggur	108,7
Læri	17,8
Ull	8,0
Ómvöðvi	31,3
Ómfita	2,6
Lögun	4,2





25-835
BOÐI
frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum



C151

R171

F **KJARVAL 24-951 frá Kirkjubæjarklaustri II**	FF **BIRKILAND 23-927 frá Austurhlíð 2**
	FM **HALLDÓRA 20-040**
M **ANGURBOÐA 23-573**	MF **ANGI 22-717**
	MM **LEÐJA 18-312**
MFF: Þór 21-896, MMFF: Gróði 11-958	

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með frekar grófgerð horn. Úrvalsgripur að allri gerð. Frísklegur hrútur. Fótleggur í október 2026 118 mm.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus og svört hár finnast í reyfi. Togið í styttra lagi og dálítið gróft. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Boði 25-835 var falaður af sæðingastöðvunum þegar niðurstöður afkvæmarannsóknar í Ytri-Skógum lágu fyrir nú í haust. Þar stóð hann efstur að heildarstigum í samanburði við 8 aðra hrúta. Fallþungi afkvæma hans var 17,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,6 og einkunn fyrir fitu 5,8. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 17,8 kg, einkunn fyrir gerð 11,1 og einkunn fyrir fitu 6,6. Hann skilaði næsthæsta gerðarmati í sláturhúsi og kom einnig sterkur út úr líflambaskoðun. Hann gefur góðan bakvöðva og jöfn og feikivel gerð lömb með öflug lærahold.

Angurboða 23-573, móðir Boða, hefur ávallt verið tvílembd, einnig veturgömul. Hún hefur skilað góðum afurðum og er með 7,0 afurðastig. Þess má geta að móðurmóðir Boða, Leðja 18-312, er ein afurðahæsta ær búsins, frjósöm og endingargóð. Hún var þrílembd í vor og er með 120 stig í kynbótamati fyrir mjólkurlagni. Það er góður áfangi að stöðvarnar geti nú boðið upp á hyrndan ARR-hrút sem hefur staðist prófið í svo vandaðri afkvæmarannsókn með glæsibrag og er jafnframt álitlegur alhliða hrútur.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Boði er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn ($AC_{151}R$//ARR).

Mál og stigun: 24/9 2025-55-110-32/2,9/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.





25-836 KAGGI

frá Raufarfelli 2, Eyjafjöllum
(keyptur frá Fitjarmýri, Eyjafjöllum)



H154
R171

F **KARRI 24-953 frá Hreiðri**	FF **ARRI 23-116**
	FM **20-070**
M **ÞRENNA 23-245 frá Raufarfelli 2**	MF **GLÓI 22-714**
	MM **ÞRENNA 16-167**


MMMF: Laufi 08-848

Lýsing: Hvítur, hyrndur, breiðvaxinn og holdþéttur hrútur. Prúð kind á velli. Fótleggur í október 2026 115 mm.

Ullarlýsing: Örlítið svartdröfnóttur á snoppu og eyrum. Dökk hár finnast aftan til á mölum. Togið er í styttra lagi en yfirleitt hrokkið, þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Kaggi 25-836 er úr ræktun Guðna Þorvaldssonar á Raufarfelli 2. Á Raufarfelli hefur verið stundað ræktunarstarf af miklum áhuga um langt skeið. Nokkrum sinnum hafa hrútar þaðan tekið þátt í afkvæmaprófunum á Ytri-Skógabúinu og hrútar þaðan stundum verið notaðir á Raufarfelli. Sæðingar eru markvisst hagnýttar en þó eru stöðvahrútar ekki fyrirferðarmiklir í móðurætt Kagga. Kaggi þótti glæsilegt lamb og var falaður síðasta haust til notkunar á Fitjarmýri. Á því stóra búi fékk hann ágæta prófun þó ekki væri um skipulagða afkvæmarannsókn að ræða. Kaggi átti langstærsta gimbrahópinn sem kom til skoðunar í haust en 16 dætur hans voru með 32,1 mm þykkan bakvöðva, 8,8 í stig fyrir frampart og 17,9 fyrir læri. Fyrir liggja upplýsingar um rúm 60 sláturlömb undan Kagga, þar sem meðalfallþungi þeirra var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og einkunn fyrir fitu 7,5 og mun hann því skipa sér í hóp bestu lambafeðra á Fitjarmýri þetta haustið. Ágæt hrútsefni komu fram undan honum, en tveir hæst stiguðu lambhrútarnir á Fitjarmýri, sem báðir hlutu yfir 90 stig, eru synir hans. Einnig var hann notaður heima á Raufarfelli með afbragðsgóðum árangri og reiknast þar efstur hrúta samkvæmt kjötmatsuppgjöri.

Þrenna 23-245, móðir Kagga, var tvílembd veturgömul en missti bæði lömbin í burði. Þá fóstraði hún eitt lamb með góðum árangri. Á síðasta ári skilaði hún Kagga og á móti honum gekk gimbur sem sett var á. Í ár skilaði hún tveimur rígvænum U-lömbum. Hún hefur 5,1 afurðastig en mun væntanlega hækka þegar afurðir haustsins verða reiknaðar.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Kaggi er arfblendinn fyrir gráum lit en erfir hvorki mórautt né tvílitt.


PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 21/10 2025-56-112-34/2,7/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-9,0=88,5 stig.



25-837 GNARR

frá Teigi 1, Fljótshlíð



R171

F **STEINARR 24-301**	FF **HRAUNAR 23-929 frá Brúnastöðum**
	FM **18-855**
M **24-617**	MF **KÁTUR 20-905 frá Efstu-Grund**
	MM **20-027**


FMF: Mávur 15-990, MMFF: Kraftur 11-947

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með víðan og breiðan bol. Malir fádæma breiðar og lærahold frábær. Langvaxinn glæsigripur. Fótleggur í október 2026 116 mm.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus. Gulur á dindli og fótum. Reyfi er vel hvítt og gul eða dökk hár fundust ekki. Togið misjafnt að lengd, sléttara í síðum og frekar gróft. Þel í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Gnarr 25-837 bættist í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2026, en val hans byggir á afar góðri útkomu hjá honum sem lambaföður á heimabúi. Sérstaklega var útkoma sláturlambanna góð. Hann er með þriðju hæstu kjötmatseinkunn samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ef bornir eru saman þeir rúmlega 20 hrútar á búinu sem áttu 15 sláturlömb eða fleiri burtséð frá aldri mæðra en ekki er hér um eiginlega afkvæmarannsókn að ræða. Gnarr var bæði notaður á gemlinga og eldri ær síðasta vetur. Í hrútaskoðun komu fram nokkrir hátt stigaðir synir hans en í gimbraskoðun var útkoman um meðallag miðað við aðra hrúta. Fyrir liggja upplýsingar um 71 sláturlamb undan Gnarr. Meðalfallþungi afkvæma hans var 20 kg, einkunn fyrir gerð 12,3 og einkunn fyrir fitu 7,1. Meðalfallþungi afkvæma allra hrútanna var 19,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,7 og einkunn fyrir fitu 7,3. Steinarr 24-301, faðir Gnarrs, er albróðir Bruna 24-957 og hefur hann reynst farsæll kynbótahrútur heima í Teigi.

Gnarr er fyrsta lamb móður sinnar, en hún var einlembd veturgömul og hlaut þá 6,9 afurðastig. Í vor átti hún svo tvö lömb sem bæði voru klettþung í haust. Hrúturinn flokkaðist í U3 við 25,1 kg og gimbrin lifir. Móðurmóðir Gnarrs, 20-027, á glæstan feril að baki og er með 122 stig í kynbótamati fyrir mjólkurlagni og 107 fyrir frjósemi.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Gnarr er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 26/9 2025-50-110-33/2,4/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

ALLT FYRIR SAUÐFÉ!

Fjárbætir - Grindur - Fjárvogir o.fl.

GRINDUR FYRIR SAUÐFÉ



Nettar og þægilegar grindur fyrir sauðfé

Lengdir:

1,22m - kr. 11.289 - **20% afsl. - kr. 9.031**
1,52m - kr. 12.120 - **20% afsl. - kr. 9.696**
1,83m - kr. 13.029 - **20% afsl. - kr. 10.423**

Hæð: 0,90m

Tilboð gildir til 31. desember 2026 eða á meðan birgðir endast!



REKSTRARGANGUR

Rekstrargangurinn samanstendur af:

- 1 fellihlið
- 1 flokkunarhlið, "fram"
- 1 tengirammi
- 6 tengipinnar
- 4 stk. 2500mm hliðgrindur

Allar hliðar eru nú úr plasti sem gerir það að verkum að hávaði minnkar.



MEÐHÖNDLUNARKLEMMA

Örugg, fljótleg og fjölhæf meðhöndlun á fé.

- Fótstýrð klemmuplata tryggir örugga festingu
- Hægt er að flokka í þrjár áttir
- Hentar jafnt fyrir lambfé og fullorðið
- Hægt að fá með vigtarsellum

GJAFAGRINDUR - HLIÐGRINDUR - FJÁRVOGIR - VELTIBÁSAR


*Öll verð eru með vsk.

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



26-841 ÞRYMUR

frá Grafarkoti, Línakradal



R171 R171

F **DEMANTUR 25-595**	FF **HÖFÐI 24-594 frá Höfða**
	FM **24-416**
M **25-553**	MF **AGNAR 24-588**
	MM **22-246**

FFF: Fannar 23-925, FMFF: Gimsteinn 21-899, MFF: Gullmoli 22-902, MMMF: Kaldi 12-950

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur. Fremur grófur um herðar en útlögumikill og bollangur með góða holdfyllingu í baki, mölum og lærum. Föngulegur hrútur.


Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum. Gul hár finnast í reyfi en í óverulegum mæli. Togið er fremur langt en í grófara lagi , einkum framan til. Þelmagn í meðallagi. Ullarmagn í meðallagi en reyfið er togmikið.

Bakgrunnur: Haustið 2025 voru keyptir fyrstu hrútarnir frá Grafarkoti til sæðingastöðvanna. Þetta voru þeir Ísak 25-821 og Flói 25-821. Þeir skiluðu báðir þroskamiklum lömbum og átti Ísak einn af sterkustu afkvæmahópum stöðvahrútanna samkvæmt lambadómum í haust. Hér er kominn þriðji arfhreini ARR-hrúturinn frá búinu, glæsilegt lamb og sterkættað lík og kynbótaspáin gefur til kynna. Faðir hans, Demantur 25-595, skilaði 22 sláturlömbum í haust en fallþungi þeirra var 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 12,0 og fyrir fitu 7,5.

Þrymur 26-841 er gemlingslamb og fæddur og genginn einlembingur. Ung móðir hans hefur séð vel fyrir honum.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 9,38%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%



Litaerfðir: Þrymur mun vera arfblendinn fyrir dökkum lit en faðir hans er svartbotnóttur og það skýrist næsta vor hvort hann hefur fengið botnóttan erfðavísi í föðurarf.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 15/9 2026-50-109-37/2,6/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-9,0=88,0 stig.



26-842 ÞYRNIR

frá Víkum, Skaga



R171 R171

F **ÞISTILL 25-009**	FF **PISTILL 24-952 frá Brúnastöðum**
	FM **21-139**
M **24-419**	MF **HRAUNAR 23-929 frá Brúnastöðum**
	MM **GLEÐI 21-110**

FMFF: Malli 12-960, MMF: Glámur 16-825

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með fríðan haus. Breiðvaxinn hrútur með víðan frampart. Læri kúpt og stinn og loka klofi mjög vel. Samanrekinn og holdþéttur hrútur en í meðallagi bollangur og aðeins kviðaður.


Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Talsvert af gulum hárum í reyfi, einkum aftan til. Togið er strítt og fremur stutt, einkum í baki. Ullarmagn er undir meðallagi.

Bakgrunnur: Þyrnir 26-842 er fyrsti hrúturinn frá Víkum á Skaga sem kynntur er í hrútaskrá. Í Víkum er rekið stórt og myndarlegt fjárbú af ungum bændum sem nýlega tóku þar við þessu gamalgróna búi. Þyrnir rekur ættir sínar í marga þekkta stöðvahrúta en þykkast er líklega í honum Brúnastaðablóðið því þeir Pistill 24-952 og Hraunar 23-929 standa honum næst af stöðvabekrum. Faðir Þyrnis, Þistill 25-009, átti öflugan dætrahóp sem kom til skoðunar í haust, sem í voru eingöngu tvævetlulömb. Meðalbakvöðvi dætranna var 31,9 mm og lærahold þeirra stiguðust að jafnaði upp á 17,9. Sláturlömbin komu einnig vel út en Þistill er annar tveggja heimahrúta í Víkum með hæstu einkunn fyrir gerð sláturlamba. Meðalfallþungi rúmlega 30 afkvæma Þistils var 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 6,3.

Móðir Þyrnis, 24-419, var tvílembd gemlingsárið og þrílembd í vor. Þar sem lambið sem hún gekk með veturgömul skilaði sér ekki af fjalli hafa ekki verið reiknuð afurðastig fyrir hana. Í sumar gekk hún með tvö lömb, þriðja lambið fæddist dautt. Uppgjöri fyrir árið 2026 er ólokið.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%



Litaerfðir: Báðir foreldrar Þyrnis eru arfblendnir um hvítan lit. Á móti honum var svartgolsótt gimbur. Miklar líkur eru á því að Þyrnir sé arfblendinn en það skýrist næsta vor hvaða liti hann getur gefið.


PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 22/9 2026-50-106-37/2,9/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-19,0-7,5-8,0-8,0=87,5 stig.



26-843 LJÁR

frá Brúnastöðum, Flóa



R171 R171

F VALUR 25-084	FF HÓLMSTEINN 24-955 frá Brattsholti
	FM ÞILJA 21-561
M HRÍFA 25-682	MF PÁLMI 24-946 frá Kiðafelli
	MM GÍNA 23-627


FMF: Amor 17-831, FMMF: Durtur 16-994, MMFF: Gimli 20-876

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Þéttvaxinn og mjög vel holdfylltur hrútur hvar sem á honum er tekið.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum og dindli. Gul hár finnast á mölum. Togið er meðallangt en svolítið stutt í baki. Þelið er í þykkara lagi, ullarmagn í meðallagi og ullin mjúk.

Bakgrunnur: Í Ljá 26-843 er blóð Gimsteins 21-899 frá Þernunesi orðið nokkuð útþynnt þrátt fyrir að frá honum séu báðar ARR-genasamsæturnar komnar. Öflugt gerðarfé frá Brúnastöðum, Brattsholti og víðar blandast hér saman í spennandi kokteil. Faðir Ljás, Valur 25-084, átti 27 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar eftir haustið. Meðalfallþungi þeirra var 19,6 kg, einkunn fyrir gerð 12,1 og einkunn fyrir fitu 8,00. Miðað við búsmeðaltal (ófrágengið uppgjör) er hann rétt við meðaltal fyrir gerð og fallþunga en afkvæmi hans nokkuð feitari en flestra annarra lambafeðra á búinu.

Ljár er fæddur gemlingstvílembingur en móðir hans, Hrífa 25-682, gekk með bæði lömbin sín í sumar og skilaði þeim rígvænum í haust. Hún fer því afbragðsvel af stað og útlit fyrir að Pálmi 24-946 frá Kiðafelli, faðir hennar, sé jafnframt efnis ærfaðir. Ljár er annar tveggja dóttursona Pálma sem völdust á stöðvarnar í haust.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Báðir foreldrar Ljás eru hvítir en talsvert er um forfeður í ættartré sem hafa gefið dökk lömb. Því er ekki hægt að útiloka að Ljár sé arfblendinn fyrir dökkum lit en það skýrist næsta vor hvaða liti hann getur gefið.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).


Mál og stigun: 1/10 2026-50-106-40/3,2/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=88,0 stig.





26-844
BJÚGNAKRÆKIR

frá Ásgarði, Hvammssveit



F **MÁNI 25-819 frá Háafelli**	FF **PJAKKUR 24-325**
	FM **20-003**
M **20-918**	MF **LOKI 19-407**
	MM **17-658**

MFFF:Durtur 16-994, MFMF: Saumur 12-915, MMMF: Prófastur 06-864


Lýsing: Hvítur, hyrndur með geira í hornum og gott hornalag. Útlögumikill með aðeins grófar herðar. Breiður um bak og malir. Vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Svartar dröfnur á eyrum og fótum en dökk eða gul hár fundust ekki í reyfinu. Toglengd í meðallagi og þelið fremur þykkt. Ullin mjúk og ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Bjúgnakrækir 26-844 kemur frá Ásgarði í Dölum og er sonur Mána 25-819 frá Háafelli sem fékk fremur takmarkaða notkun síðasta vetur. Undan Mána mátti þó finna mörg prýðislömb haustið 2026 og er Bjúgnakrækir eitt þeirra. Hann er fæddur þrílembingur en genginn sem tvílembingur og hlaut góðan einstaklingsdóm. Á móti honum voru tvær gimbrar sem báðar voru settar á og ekki síðri einstaklingar.

Nafnið Bjúgnakrækir er sótt í jólasveinahefðina sem á sér sterkar rætur í Dölunum, heimahögum Jóhannesar úr Kötlum sem gerði jólasveinana ódauðlega í vísum sínum. Bjúgnakrækir er jafnframt af dalahluta ARR-línunnar og verðugur fulltrúi Dalamanna á sæðingastöð í vetur. Fyrir þá fjáreigendur sem vilja rækta ARR-gripi með breiðari erfðafræðilegan bakgrunn er Bjúgnakrækir sérstaklega álitlegur kostur.

Móðir Bjúgnakrækis, 20-918, er farsæl afurðaær. Hún var tvílembd gemlingur, síðan þrisvar tvílembd og tvisvar þrílembd með 7,2 afurðastig. Allmargar gimbrar hafa verið settar á undan henni en 7 lömb hafa farið í sláturhús með fallþungann 18,9 kg, gerð 11,4 og fitu 7,0.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Foreldrar Bjúgnakrækis eru báðir hvítir. Máni, faðir hans, gaf eingöngu hvít afkvæmi. Móðir hans er arfblendin og með erfðavísi fyrir tvílit. Hvort Bjúgnakrækir er arfblendinn eins og móðir hans kemur í ljós næsta vor.


PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 21/9 2026-46-110-35/3,7/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,5 stig.



26-845
OTUR

frá Oddsstöðum, Lundarreykjadal





F **VERKUR 25-803 frá Kópsvatni 2**	FF **SÓMI 24-963 frá Vífilsdal**
	FM **21-126**
M **20-030**	MF **UGGI 19-146**
	MM **17-020**


MFF: Óðinn 15-992, MFMF: Bekri 12-911, MMFF: Saumur 12-915

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Virkjamikill, bollangur og harðholda hrútur með kúpta og vel lagaða lærvöðva.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Gul hár finnast í reyfi. Togið stutt og strítt en þelið sæmilega þykkt. Ullarmagn undir meðallagi.

Bakgrunnur: Í gegnum árin hafa stöðvarnar fengið nokkra öfluga kynbótahrúta frá Oddsstöðum. Nú kemur þaðan sonur Verks 25-803 frá Kópsvatni 2. Afkvæmi Verks eru býsna breytileg hvað holdfyllingu varðar en langflest eiga þau það sameiginlegt að vera bráðþroska og myndarleg lömb á velli. Nokkur glæsileg hrútsefni komu samt fram og er Otur 26-845 eitt þeirra.

Móðir Oturs, 20-030, var einlembd gemlingur og einnig tveggja og þriggja vetra en gekk þá einnig með fósturlömb. Síðan hefur hún verið tvílembd og hefur 6,7 afurðastig eftir fimm ár en haustuppgjör liggur ekki fyrir. Öll sláturlömb undan henni hafa flokkast í E eða U. Uggi, faðir hennar, stóð efstur í afkvæmarannsókn á Oddsstöðum haustið 2020. Hann var fenginn í afkvæmarannsókn að Hesti árið eftir en þær niðurstöður dugðu honum ekki sem farmiði á sæðingastöð.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Otur er arfblendinn fyrir dökkum lit en hvort hann gefur jafn fjölbreytta liti og faðir hans, Verkur, mun koma í ljós næsta vor en Verkur gaf alla liti leyfði móðurætt lambanna það.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 18/10 2026-49-110-35/3,9/4,0-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-9,0=87,0 stig.



Kubota care

5 ára KUBOTA CARE ábyrgð
fylgir nú M - seríu
dráttarvélum frá KUBOTA

ÞÓR HF

Reykjavík Selfossi og Akureyri
568-1513, 568-1559 og 568-1556



26-846 DALLAS

frá Syðri-Hofdölum, Viðvíkursveit



R171 T137

F **SKÖRÐUNGUR 25-811 frá Skarðaborg**	FF **HRÓKUR 24-960 frá Brúnastöðum**
	FM **SKESSA 24-085**
M **24-012 frá Möðruvöllum**	MF **BADDI 23-742**
	MM **SNOTRA 22-693**
MFF: Hornsteinn 22-901, MMMF: Kubbur 16-996	


Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Afar þéttvaxin kind, með sívalan en fremur stuttan bol og ákaflega kúpta lærvöðva. Samanrekinn holdaköggull.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og mjög gulur á dindli og fótum. Talsvert af gulum illhærum aftan til í reyfi. Togið í styttra lagi en þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi og ullin mjúk.

Bakgrunnur: Dallas 26-846 er fyrsti hrúturinn sem kemur á sæðingastöð sem ber bæði ARR og T137. Hann er einnig fyrsti hrúturinn sem kemur frá Syðri-Hofdölum á stöðvarnar. Á Syðri-Hofdölum er rekið stórt og myndarlegt bú með blönduðum búskap. Fjárhjörðin er fjárskiptafé en sauðfjárbúskapur hófst aftur eftir hlé haustið 2023 og telur nú stofninn vel á sjötta hundrað áa.

Dallas er sonur Skörðungs 25-811, sem vel er kynntur hér í skránni. Móðir hans, 24-012, er kaupakind frá Hríshóli (Möðruvöllum) í Eyjafirði. Hún átti eitt lamb veturgömul og skilaði því klettþungu að hausti. Í vor fæddi hún Dallas einan en fóstraði einnig gimbur sem var lógað og fór í E3 við 17,8 kg. Móðir Dallasar er með 7,7 afurðastig eftir fyrsta árið en óreiknaðar eru afurðir haustsins.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%



Litaerfðir: Skörðungur, faðir Dallasar, hefur erfðavísi fyrir botnóttum lit og mórauðum. Hvaða gen Dallas ber kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AT_{137}RQ).

Mál og stigun: 18/9 2026-46-104-37/2,3/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,5-7,5-8,0-8,0=87,0 stig.



26-847 VÍKINGSLÆKUR

frá Kaldbak, Rangárvöllum



R171

F **STIKILL 25-112**	FF **BEYKIR 24-113**
	FM **LÓA 23-043**
M **RÁK 24-154**	MF **ARFUR 23-114**
	MM **KÓRONA 23-309**
FFF: Birkiland 23-927, FMFF og MMFF: Völlur 18-835, FMMF og MFFF: Viðar 17-844	


Lýsing: Hvítur, sver- og stórhyrndur. Eilítið grófur um herðar en útlögumikill. Mikil breidd í baki og mölum. Virkjamikill, langvaxinn og tignarlegur hrútur.

Ullarlýsing: Ljósgulur í hnakka en gulari á dindli og fótum. Svartar dröfnur á eyrum. Reyfið er vel hvítt og dökk eða gul hár fundust ekki. Togið fremur langt og liðað. Þelið fremur þykkt. Frekar ullarmikill hrútur.

Bakgrunnur: Víkingslækur 26-847 kemur frá Kaldbak á Rangárvöllum. Áður hafa komið á stöð frá Kaldbak þeir Kaldi 03-989 og Steinn 23-923. Víkingslækur er undan Stikli 25-112, en sláturlömb undan honum flokkuðust vel í haust, fallþungi þeirra var 20,5 kg, gerðareinkunn 11,5 og einkunn fyrir fitu 7,5. Að auki eru settar á undan Stikli 8 gimbrar.

Móðir Víkingslækjar, Rák 24-154, var tvílembd sem gemlingur og þrílembd tvævetla. Hún gekk með tvö lömb en Víkingslækur gekk undir fósturmóður. Meðalfallið af fjórum innlögðum lömbum Rákar var 21,3 kg. Þau flokkuðust öll í E og meðaltal fitueinkunnar er 6,9. Rák er með 6,9 í afurðastig eftir eitt ár. Á bak við bæði móður- og föðurlegg Víkingslækjar er góð frjósemi og afurðasemi.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%



Litaerfðir: Víkingslækur 26-847 er að öllum líkindum arfhreinn hvítur – móðir hans hefur eingöngu átt hvít lömb en foreldrar hennar voru arfblendnir fyrir hvítum lit.


PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 30/9 2026-59-113-37/2,7/5,0-8,0-8,5-9,5-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,5 stig.



26-848 BÚRI

frá Brattsholti, Stokkseyrarhreppi hinum forna



R171

F **BOLI 25-808 frá Skammadal 2**	FF **STERI 24-063 frá Ytri-Skógum**
	FM **21-117**
M **BRANA 23-212**	MF **YRKILL 20-010**
	MM **GOLSA 16-081**


MFFF: Durtur 16-994, MFMF: Óðinn 15-992, MMF: Jónas 12-949

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Langvaxinn, breiður og mjög vel holdfylltur hrútur. Glæsilegur gripur.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka, á dindli og fótum með mjög mikið af gulum hárum aftan til í reyfi. Togið í meðallagi langt en styttra í baki. Þelið meðalþykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Búri 26-848 kemur frá Brattsholti í fyrrum Stokkseyrarhreppi og er einn af fjórum sonum Bola 25-808 frá Skammadal 2 sem valdir voru inn á stöð með vestur-skaftfellsku ARR-genasamsætuna. Móðurfaðir Búra, Yrkill 20-010, var mikill gerðarhrútur. Hann var notaður í fjögur ár og samantekt yfir öll árin sýnir að sláturlömb undan honum voru 19,3 kg að meðaltali, einkunn fyrir gerð 13,0 og fyrir fitu 8,2. Hann kemur einnig vel út sem ærfaðir, á 18 dætur og er með mjög gott kynbótamat, 129 fyrir gerð, 112 fyrir frjósemi, 106 fyrir mjólkurlagni og 115 í heildareinkunn.

Móðir Búra, Brana 23-212, var einlembd veturgömul og skilaði flottu lambi um haustið (25 kg og flokkaðist í E3+). Hún var tvílembd tvævetla, bæði lömbin voru sett á og koma gríðarvel út í ár. Brana var síðan tvílembd í vor. Lambhrúti á móti Búra var slátrað, hann vóg 23,7 kg og flokkaðist í U3+. Brana er með 6,4 í afurðastig eftir tvö ár. Golsa 16-081, móðir Brönu, er einnig góð ær sem skilað hefur 18 lömbum á 10 árum og er með 5,6 í afurðastig eftir 9 ár.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Boli 25-808, faðir Búra, var arfblendinn fyrir dökkum lit en erfði ekki mórautt. Brana móðir hans, hefur eingöngu átt hvít lömb en móðir hennar var golsótt. Það kemur því í ljós næsta vor hvaða samsetningu litaerfða Búri hefur fengið frá foreldrum sínum.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 3/10 2026-61-108-36/4,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,0-7,5-8,0-9,0=88,0 stig.



26-849 GRÍMUR

frá Hurðarbaki, Flóa



R171

F **BOLI 25-808 frá Skammadal 2**	FF **STERI 24-063 frá Ytri-Skógum**
	FM **21-117**
M **23-596**	MF **BÍLDUR 20-134**
	MM **20-481**


MMFF: Óðinn 15-992

Lýsing: Svartur, hyrndur. Breiðvaxinn, fremur langur og stinnur í átaki. Jafnvaxinn og mjög vel holdfylltur hrútur. Prúð og vel gerð kind.

Ullarlýsing: Hrafnsvartur. Ljós hár fundust ekki í reyfi en nokkur ljós hár eru í enni. Togið hæfilega langt, liðað og fallegt. Þelþykkt í meðallagi. Falleg svört ull með góðum gljáa.

Bakgrunnur: Grímur 26-849 kemur frá Hurðarbaki í Flóa en þar er stundaður metnaðarfullur búskapur þar sem sauðfjárræktin skipar sinn sess. Hann er einn af fjórum sonum Bola frá Skammadal 2 sem fengnir voru inn á stöð með vestur-skaftfellsku ARR-genasamsætuna. Grímur er glæsilegur fulltrúi búsins og ber þess glöggt merki að þar er góður fjárstofn og verður spennandi að fylgjast með því hvernig kostir hans skila sér til afkvæmanna.

Móðir Gríms, 23-596, hefur alltaf verið tvílembd, einnig sem gemlingur. Annað gemlingslambið drapst á sauðburði en lambið sem gekk undir henni var 19,5 kg og flokkaðist í E4. Tvævetlulömbin voru 17 kg hvort og flokkuðust bæði í U3. Í ár eru bæði lömbin undan henni sett á, Grímur, og systir hans 26-011 sem er grá. Hún er með 5,5 afurðastig eftir þrjú ár.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Grímur er svartur og gefur því dökkt á móti kindum sem leyfa slíkt á móti. Hvort hann hefur erfðavísi fyrir mórauðum lit og tvílit kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 8/9 2026-50-108-35/3,9/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,5 stig.



26-850 ARINN

frá Fagraneskoti, Aðaldal

FRJÓSEMISGEN



R171


F ÁTTUNDI 25-806 frá Ásgarði	FF SANDUR 24-948 frá Hesti
	FM 21-929
M GULSA 23-041	MF SNÖGGUR 21-182
	MM SKÁLA 20-355
MFF: Snar 18-846	

Lýsing: Hvítur, hyrndur með dökk horn. Lágfættur, bollangur og breiðvaxinn með ákaflega öflug mala- og lærahold.

Ullarlýsing: Mókolóttur á haus og fótum og sterkgulur í hnakka og á dindli. Dökk hár fundust í reyfi hér og þar en þó færri en ætla mætti. Togið er nokkuð langt og jafnt um reyfið en gróft. Þelþykkt í meðallagi sem og ullarmagnið í heild.

Bakgrunnur: Frá Fagraneskoti í Aðaldal kemur hrúturinn Arinn 26-850 og mun það vera fyrsti hrútur sem þaðan kemur á sæðingastöð. Búið er allstórt og telur á fjórða hundrað ær. Í haust komu þar fram við skoðun fádæma glæsilegir tvílembingar undan Áttunda 25-806 frá Ásgarði. Áttundi var í haust með hvað sterkasta útkomu af hyrndu ARR-hrútunum ef bæði er horft til lambadóma og kjötmatsniðurstaðna og því spennandi hrútur til framræktunar. Móðurætt Arins er krydduð með kaupa- og sæðingahrútum, sem flestir eru þingeyskir að uppruna. Arinn hefur nokkra sérstöðu í hópi stöðvahrúta. Jafnframt því að vera afbragðsvel gerður, er hann mókolóttur að lit. Þá er hann arfblendinn fyrir Þokugeni, stórvirkum frjósemiserfðavísi, og mun því helmingur afkvæma hans hreppa það gen.

Gulsa 23-041, móðir Arins, átti eitt lamb veturgömul sem hún fóstraði vel. Fallþungi þess var 20,7 kg og flokkaðist í U3. Tvævetur átti hún tvo hrúta sem báðir voru settir á heima í Fagraneskoti sl. haust. Þeir stóðu sig prýðilega sem lambafeður í haust. Í vor var hún einnig tvílembd, en á móti Arni gekk annar efnilegur ásetningshrútur sem stigaðist upp á 89 stig.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Frjósemisgen: Arinn er arfblendinn fyrir Þokugeni.

Litaerfðir: Faðir Arins var arfblendinn fyrir dökkum lit og gaf tvílit og móðir hans hefur eingöngu átt hvít lömb. Það kemur í ljós næsta vor hvort Arinn reynist arfblendinn fyrir dökkum lit.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 28/9 2026-50-106-38/4,8/4,5-8,0-9,0-9,5-9,0-9,5-19,0-7,5-8,0-9,0=88,5 stig.



26-851 TAPPI

frá Sveinsstöðum, Þingi



T137

T137


F TEMAMMI 24-731	FF TANDUR HREINN 23-723 frá Stóru-Hámundarstöðum
	FM E-MAMMA 19-058
M 23-109	MF TRISTAN 22-708
	MM 18-004
FFFF og FFMF:Austri 20-892, MFF: Lómi 15-867, MMFF: Hængur 10-903	

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Svolítið grófgerður hrútur en ágætlega sívalur og vörpulegur á velli.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á dindli og fótum. Lítið um gul hár í reyfi. Togið er strítt og fremur stutt, þelið þunnt og ullarmagn undir meðallagi.

Bakgrunnur: Tappi 26-851 er annar hrúturinn sem kemur frá Sveinsstöðum á sæðingastöð og er valinn til þess að stuðla að aukinni tíðni breytileikans T137 í stofninum. Í föðurætt sækir hann T137 til Austra 20-892 frá Hámundarstöðum. Temammi 24-731, faðir Tappa, er hinn ágætasti kynbótahrútur. Haustið 2025 stóð hann annar tveggja hrúta efstur í einkunn fyrir gerð sláturlamba á Sveinsstöðum og í haust er útkoma hans vel yfir meðallagi. Fyrir liggja upplýsingar um 63 sláturlömb undan honum, meðalfallþungi þeirra er 19,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 7,7.

Móðir Tappa, 23-109, hefur reynst vel sem afurðarær. Hún var tvílembd gemlingsárið og flokkuðust þá bæði lömbin í E3. Hún var aftur tvílembd tvævetur og voru þá bæði lömbin sett á. Í vor var hún þrílembd en gekk með tvö lömb í sumar. Hrútur á móti Tappa vóg 20,5 kg í sláturhúsi og flokkaðist í U3. Ærin hefur 6,6 afurðastig en afurðir haustsins eru óuppgerðar.



Litaerfðir: Faðir Tappa er arfblendinn hvítur en móðir hans hefur eingöngu átt hvít afkvæmi. Það kemur í ljós næsta vor hvort Tappi hefur fengið gen fyrir dökkum lit frá föður sínum.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn ($AT_{137}RQ//AT_{137}RQ$).

Mál og stigun: 22/9 2026-44-113-31/1,7/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=84,0 stig.

H. HAUKSSON EHF.



Plastgrindur í fjárhúsgólf

Eigum á lager bæði sléttar plastgrindur og plastgrindur með griptökkum.

Stærð 800x600
Möskvastærð 14x60

- Þýsk gæða framleiðsla
- Betri ending
- Auðveldari í þrifum
- Mýkra og þægilegra gólfefni
- Meiri burðargeta
- Betra frárennsli




Sendum um land allt!

H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is



25-825
NATAN

frá Syðri-Sauðadalsá, Vatnsnesi



R171
H154

F **NÓI 24-180**	FF **STEINN 23-926 frá Kaldbak**
	FM **23-312**
M **23-390**	MF **MÓRI 19-888 frá Klúku**
	MM **22-290**

Lýsing: Móbíldóttur, kollóttur. Frampartur víður og ágæt holdfylling í mölum og lærum. Lokar klofi vel. Vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Móflekkóttur en litaskipting virðist óvenju hrein. Mjög lítið af dökkum hárum eða blettum aftan við hálsinn. Togið tiltölulega mikið, ágætlega langt og jafnt um allt reyfi en fremur gróft. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Natan 25-825 kom á sæðingastöð haustið 2025. Hann fékk þokkalega notkun en 70 lambhrútar komu til dóms undan honum. Þeir voru að jafnaði fremur háfættir og skorti stundum holdfyllingu en oftast vænir og þroskaðir. Í hópnum mátti finna mjög vel gerða gripi. Natan er áfram ágætur valkostur fyrir þá sem vilja viðhalda litafjölbreytninni samhliða innleiðingu ARR. Við val hans á sínum tíma var horft til þess að hann væri efni í ærföður og er hann enn spennandi sem slíkur. Hann hefur góða kynbótaspá fyrir mjólkurlagni og frjósemi og því von um að dætur hans geti reynst vel.

Móðir Natans, 23-390, átti tvö lömb bæði sem gemlingur og tvævetla og skilaði öllum þessum lömbum vænum að hausti. Í vor bar hún þremur lömbum en gekk með tvö. Fallþungi þeirra í haust var 20,3 kg og 22,7 kg. Ærin er með 7,3 afurðastig en óuppgerð eru afurðagögn fyrir 2026.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Natan er móflekkóttur og getur því gefið alla liti. Gefur hreinhvítt.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 22/9 2025-43-112-29/2,8/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,0 stig.


Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	70
Þungi	49,0
Fótleggur	111,0
Læri	17,5
Ull	8,1
Ómvöðvi	27,1
Ómfita	2,9
Lögun	3,9





25-831
FÁNI

frá Melum 1, Árneshreppi



R171
N138

F **JAKI 24-370**	FF **STEINN 23-926 frá Kaldbak**
	FM **MIST 20-395**
M **FANNÝ 19-237**	MF **SVEINN 17-124 frá Heydalsá 1**
	MM **SNÖGG 11-396**

MFF: Ebiti 13-971, MMF: Steri 07-855, MMMF: Máni 03-975

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Bringubreiður og bollangur með mjög öflug mala- og lærahold. Föngulegur hrútur.

Ullarlýsing: Örlítið af svörtum doppum um nasir og á eyrum. Ljósgulur á fótum, dindli og í hnakka. Gul hár finnast á mölum. Togið í meðallagi fínt, hrokkið í baki en sléttara í síðum. Þelið fremur þunnt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Fáni 25-831 fékk allgóða notkun á sínu fyrsta ári á stöð og voru sæddar með honum tæplega 700 ær. Skráðir hafa verið dómar á 115 sonum hans og eru þeir meðal þyngstu bræðrahópa undan stöðvahrútunum. Þykkt bakvöðva liggur aðeins undir meðaltali og má segja að það sé veikasti þátturinn hjá þessum bræðrum þó því fari fjarri að um ágalla sé að ræða. Búið er að skrá dóma á 153 dætur Fána og gefa þær sambærilega mynd og bræður þeirra. Fallþungi sláturlamba undan Fána var 19,2 kg, gerðareinkunn 10,5 og fitueinkunn 7,2. Margt bendir til að Fáni eigi eftir að reynast sterkur alhliða kynbótahrútur.

Móðir Fána, Fanný 19-237, var tvílembd gemlingur og ætíð síðan nema einu sinni er hún var þrílembd. Hún hefur ávallt skilað vænum lömbum. Í vor bar hún tveimur lömbum, annað fór í sláturhús og flokkaðist í E3+ við 22,1 kg en hitt var hrútsefni sem stigaðist upp á 87,5 stig. Fanný er með 7,9 afurðastig en óuppgert er árið 2026.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Fáni er arfhreinn hvítur m.v. litaskráningar á afkvæmum hans síðasta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir, arfblendinn (AN_{138} RQ/ARR).


Mál og stigun: 22/9 2025-58-106-35/6,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-9,0=88,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	115
Þungi	49,5
Fótleggur	109,2
Læri	17,9
Ull	8,1
Ómvöðvi	30,4
Ómfita	3,4
Lögun	4,1





25-834
POTTER
frá Ásgarði 1, Landbroti



R171

F **DUFGUS 24-967** frá Sauðafelli	FF **MOLI 23-919 frá Miðdalsgröf**
	FM **19-940**
M **23-335**	MF **MÖLLER 19-186**
	MM **22-204**
MMFF: Plútó 14-973	

Lýsing: Hvítur, kollóttur með sívalan bol og breiða bringu. Langvaxinn og ákaflega vel holdfylltur hvar sem á honum er tekið. Afar prúð kind á velli.

Ullarlýsing: Hreinhvítur en aðeins dökkir skuggar við augu. Togið fremur fínt og nokkuð langt og jafnt um allt reyfið. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi og ullargæði mikil. Lagðprúður.

Reynsla: Potter 25-834 var heldur lítið notaður á sínum fyrsta vetri á stöð. Sæddar ær með honum voru ríflega 300. Skráðir hafa verið dómar á 50 syni hans. Þetta eru almennt vænir og myndarlegir hrútar. Þykkt bakvöðva er talsvert yfir meðaltali afkvæma stöðvahrútanna og vöðvinn vel lagaður. Stigun liggur um eða yfir meðaltali fyrir alla þætti og synir Potters eru meðal tíu stigahæstu hópanna undan stöðvahrútunum. Skráðir hafa verið dómar á 80 dætur Potters en þær liggja nærri meðaltali afkvæmahópanna með flesta þætti. Afkvæmi Potters eru oftast með góða ull. Fallþungi sláturlamba undan Potter er 19,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,7 og fyrir fitu 7,3. Í heildina má segja að Potter hafi sannað sig í haust sem öflugur lambafaðir og álitlegur alhliðahrútur sem æskilegt væri að nýta meira.

Móðir Potters, 23-335, var tvílembd veturgömul og tvævetur en í vor var hún þrílembd og gengu öll lömbin undir henni. Hún er með 6,1 afurðastig en árið 2026 er óuppgert.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Potter er arfblendinn fyrir dökkum lit og tvílit, en erfir ekki mórautt – gefur hreinhvítt.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 15/9 2025-40-108-34/1,9/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,0-9,0-8,0-8,5=89,0 stig.


Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	50
Þungi	49,0
Fótleggur	110,1
Læri	17,8
Ull	8,3
Ómvöðvi	32,9
Ómfita	3,4
Lögun	4,4





NÝR

26-862
PÍPARI
frá Efri-Fitjum, Fitjárdal



R171

R171

F **MÁLARI 25-676**	FF **SMIÐUR 24-677**
	FM **DÓS 21-166**
M **24-070**	MF **HREINN 23-920 frá Þernunesi**
	MM **21-191**
FFFF: Gullmoli 22-902, FMFF: Fálki 17-821, FMMF: Brúsi 12-970, MMFF: Blær 11-979	

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiður um herðar, afar útlögumikill og sívalur. Malabreiður með mjög öflug lærahold.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið er stutt en þelið nokkuð þétt og ullin mjúk. Ullarmagn undir meðallagi.

Bakgrunnur: Pípari 26-862 er af miklu afurðakyni. Faðir hans, Málari 25-676, gaf væn lömb í haust með hóflega fitu en gerðin var aðeins undir búsmeðaltali. Sláturlömb undan honum eru 22, eingöngu tvævetlulömb. Fallþungi þeirra var 20,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og fitu 6,8. Býsna stór hluti lamba undan Málara eru sett á eða seld af bæ eða samtals 14 lömb. Málari er líklegur til að gefa mjólkurlagni en hann hefur 119 stig í kynbótamati fyrir þann eiginleika.


Móðir Pípara, 24-070, var einlembd sem gemlingur en tvílembd nú í vor. Hún hefur 8,3 afurðastig fyrir gemlingsárið. Þessir tvílembingar sem hún skilar núna eru rígvænir, 59 og 54 kg á fæti. Gimbur á móti Pípara er sett á vetur. Móðurmóðir Pípara er ágæt afurðaær með 6,6 afurðastig fyrir fjögur ár en uppgjöri fyrir 2026 er ólokið.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Pípari er að öllum líkindum arfhreinn hvítur en báðir foreldrar hans hafa eingöngu átt hvít afkvæmi. Hreinn 23-930, móðurfaðir hans, var arfblendinn fyrir gráum lit og vegna aldurs móður er ekki hægt að fullyrða um litaerfðir hennar.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 30/9 2026-51-110-37/1,9/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-19,0-8,5-8,0-9,0=89,5 stig.





26-863 BENT

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi



R171 R171

F **LEVÍ 25-832 frá Hófgerði**	FF **ALVÍS 24-969 frá Kjarna**
	FM **VAKA 21-114**
M **HENRÍETTA 25-140**	MF **PALLUR 24-203**
	MM **22-015**

MFFF: Gullmoli 22-902, MFMF: Gimsteinn 21-899, MMMF: Kjarkur 08-840


Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiður um herðar, bak og malir með víðan, sívalan og fremur langan bol. Jafnvaxinn og fallegur hrútur.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum en annars vel hvítur. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið fremur langt og liðað og þelþykkt í meðallagi. Góður gljái á ullinni og ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Leví 25-832, faðir Bents 26-863, var að ósekju grunaður um að bera bógkreppugenið sem varð til þess að hann nýttist minna í sæðingum en annars hefði orðið. Afkvæmi hans reyndust vera frábær í öllu sem að lífdómum sneri. Yfirburðir þeirra lamba undan honum sem enduðu í sláturhúsi eru fáheyrðir í samanburði við afkvæmi annarra stöðvahrúta. Fallþungi sláturlamba undan Leví stendur nú í 19,0 kg, einkunn fyrir gerð er 12,2 og fyrir fitu 7,4. Sá stöðvahrútur sem stendur honum næstur í gerð sláturlamba er Hrókur 24-960, nær heilum lægri í gerðareinkunn. Það verður spennandi að fylgjast með hve vel Leví skilar sínum miklu yfirburðum sem lambafaðir áfram til sona sinna.

Móðir Bents, Henríetta 25-140, er veturgömul og hann hennar fyrsta lamb. Móðir hennar, 22-015, er með 6,8 afurðastig fyrir þrjú ár en haustuppgjör 2026 liggur ekki fyrir. Hún var einlembd gemlingur en hefur síðan verið tvílembd.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%



Litaerfðir: Bent er líklega arfhreinn hvítur en undan Leví, föður hans, komu eingöngu hvít lömb síðasta vor og í móðurætt eru hvítar kindur í fyrstu ættliðum.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 11/9 2026-49-112-37/3,5/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=89,0 stig.



26-864 EINBÚI

frá Árgerði, Sæmundarhlíð



R171 R171

F **ÆGIR 25-341 frá Miðdalsgröf**	FF **GEISLI 23-343**
	FM **BARBIE 20-605 frá Broddanesi 1**
M **ÞJÓÐHILDUR 24-449**	MF **HREINN 23-920 frá Þernunesi**
	MM **TINDILFÆTT 21-117**

FFF: Gullmoli 22-902, MMFF: Móri 13-982


Lýsing: Hvítur, kollóttur, jafnvaxinn og fágaður hrútur með afar öflug lærahold. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Ljósgulur á fótum og dindli. Örfá gul hár finnast aftan til í reyfi. Togið fremur langt og ullarfar jafnt um allt reyfið. Þelið fremur þykkt. Ullarmikill hrútur.

Bakgrunnur: Einbúi 26-864 er fyrsti hrúturinn sem kemur á stöðvarnar frá Árgerði. Áður hefur þó komið hrútur ættaður þaðan, en Gunnsteinn 24-975 frá Hólabæ var undan kaupahrút frá Árgerði. Féð er í grunninn fjárskiptafé úr Ísafjarðardjúpi og af Ströndum sem hefur áfram verið þaulræktað í um tvo áratugi í Árgerði með góðum árangri. Reglulega hafa verið keyptir inn kynbótagripir og er einn þeirra faðir Einbúa, Ægir 25-341, sem er kaupahrútur frá Miðdalsgröf. Hann er undan hinum magnaða Geisla 23-343 sem þegar er orðinn stór ættfaðir en synir hans, Elliði 24-961 og Ljómi 25-829, eru ræktendum kunnir úr eldri hrútaskrám. Ægir skilaði vel gerðum lömbum í haust og stóð efstur heimahrúta í gerðareinkunn sláturlamba. Meðalfallþungi afkvæma hans var 16,8 kg, einkunn fyrir gerð 12,0 og einkunn fyrir fitu 6,1. Afkvæmi hans, eingöngu tvævetlulömb, voru vel yfir búsmeðaltali fyrir gerð en undir í fallþunga og fitu. Í Einbúa er mikið Broddanesblóð. Bæði Geisli 23-343 og Ægir 25-341 eru undan ám frá Broddanesi og síðan má rekja móðurætt Einbúa í beinan kvenlegg í kaupakind frá Broddanesi.

Þjóðhildur 24-449, móðir Einbúa, var tvílembd gemlingsárið. Hún gekk með annað lambið og skilaði því hnallþungu að hausti. Í vor bar hún tveimur lömbum sem bæði voru sett á í haust. Hún hefur 6,6 afurðastig.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%



Litaerfðir: Einbúi er að öllum líkindum arfhreinn hvítur en báðir foreldrar hans hafa eingöngu átt hvít afkvæmi. Hreinn 23-930, móðurfaðir hans, var arfblendinn fyrir gráum lit og vegna ungs aldurs móður er ekki hægt að fullyrða um litaerfðir hennar.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 15/9 2026-45-106-35/2,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-8,5-8,0-8,5=88,0 stig.

Reykjavík - Akureyri - Selfossi

CLAAS

FENDT

JCB

strautmann

Krampe

KUHN

Kverneland

SlurryKat

Schäffer



VÉLFANG


– Traustur samstarfsaðili í landbúnaði –

- Góð ráð og þjónusta
- Áreiðanlegar vélar
- Fagleg þjónusta
- Sterk tengsl við landbúnað



26-865 ÍSAR

frá Heydalsá 1, Tungusveit



H154

R171

F DREKI 25-141	FF VINDUR 24-984 frá Heydalsá 1
	FM 20-807
M 22-120	MF HANNES 20-113
	MM STEINGRÍMA 18-587 frá Hríshóli 2
MMMF: Strengur 09-891	

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiðvaxinn og grjótharður í holdum hvar sem á honum er tekið. Föngulegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið er í meðallagi langt og fremur fínt. Ullin mjúk og þelþykkt góð. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Dreki 25-141, faðir Ísars 26-865, er sonur Vinds 24-984 sem stóð á stöðinni í Borgarnesi síðastliðinn vetur og skilaði ljómandi góðum afkvæmahópi nú í haust. Sláturlömb undan Dreka komu vel út á Heydalsá í haust. Fallþungi þeirra var 19,0 kg, einkunn fyrir gerð 11,5 og fyrir fitu 6,3. Í samanburði við 30 aðra hrúta á búinu sem áttu 15 sláturlömb eða fleiri raðar Dreki sér í sjötta sæti samkvæmt kjötmatseinkunn.

Móðir Ísars, 22-120, var einlembd gemlingur en hefur síðan verið tvílembd. Hún er með 5,3 afurðastig fyrir þrjú ár en uppgjör fyrir haustið 2026 liggur ekki fyrir. Móðir hennar, Steingríma 18-587, var aðkeypt frá Hríshóli í Reykhólasveit. Steingríma var farsæl ær, kom einlembd sem gemlingur en síðan alltaf tvílembd með 5,1 afurðastig fyrir sjö ár og skilaði öllum sínum lömbum til nytja.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Ísar ætti að öllum líkindum að vera arfhreinn hvítur en faðir hans hefur eingöngu gefið hvít afkvæmi og sama gildir um móður hans.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 22/9 2026-46-108-40/2,9/5,0-8,0-9,5-9,0-10,0-9,5-18,5-8,5-8,0-9,0=90,0 stig.




Yfirlit um helstu meðaltöl lambhrúta undan sæðingahrútum frá árinu 2003

Ár	Fjöldi hrútlamba	Meðal-þungi	Ómv.	Ómf.	Lögun	Læri	Stig alls
2003	4.955	48,0	27,6	3,2	3,7	16,8	81,7
2004	4.909	47,2	27,8	3,3	3,8	17,0	82,2
2005	5.598	47,4	27,7	3,2	3,7	17,1	82,2
2006	5.522	47,1	27,9	3,0	3,8	17,1	82,2
2007	5.493	46,6	28,5	2,9	3,9	17,2	82,6
2008	4.602	47,3	29,1	2,9	4,1	17,2	82,7
2009	5.712	47,7	29,0	2,9	4,0	17,4	83,0
2010	6.266	47,0	29,1	2,7	4,1	17,4	83,1
2011	6.027	47,1	29,1	2,9	4,1	17,4	83,2
2012	6.076	48,0	29,4	3,0	4,1	17,5	83,4
2013	6.485	46,9	28,7	2,8	4,0	17,4	83,1
2014	6.326	47,3	29,6	2,9	4,1	17,5	83,6
2015	5.425	46,9	29,8	3,0	4,0	17,5	84,0
2016	5.196	48,1	30,6	3,1	4,1	17,7	84,2
2017	4.690	48,2	30,4	3,1	4,1	17,7	84,3
2018	3.826	48,7	30,7	3,1	4,2	17,7	84,7
2019	3.843	48,3	30,7	3,1	4,2	17,8	84,8
2020	3.652	48,9	31,4	3,1	4,2	17,8	84,9
2021	4.396	49,0	31,4	3,2	4,3	17,9	85,2
2022	3.764	47,8	31,3	3,1	4,3	17,9	85,2
2023	4.084	48,1	31,7	3,3	4,3	17,8	84,8
2024	6.178	48,1	31,2	3,2	4,2	17,8	84,5
2025	5.797	48,5	32,1	3,3	4,2	17,9	85,1
2026	5.537	47,8	32,1	3,1	4,2	17,8	84,8



26-866 HÓLMI

frá Ríp, Hegranesi



R171

F LEVÍ 25-832 frá Hófgerði	FF ALVÍS 24-969 frá Kjarna
	FM VAKA 21-114
M 24-348	MF VALUR 21-244
	MM 19-932
MFF: Fálki 17-821, MMFF:Tinni 15-968	

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiðvaxinn og samanrekinn holdahnaus með frábær lærahold.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur langt en fínt og jafnt um allt reyfið. Þelið fremur þykkt. Lagðprúður hrútur með mjög góða ull.

Bakgrunnur: Hólmi 26-866 er einn af mörgum afburðavel gerðum sonum Levís 25-832 sem til skoðunar komu í haust og ber hann að mörgu leyti sterkan keim af föður sínum. Leví reyndist óhemju kynfastur og á útslag hans í kynbótamati fyrir gerð og bakvöðvaþykkt fáar hliðstæður hjá sæðingastöðvahrút. Hólmi er einn af þremur sonum Levís sem kynntur er í hrútaskránni og má því lesa enn meira um kappann í umfjöllun um Bent 26-863 og Segul 26-871.

Móðurætt Hólma er blanda af hyrndu og kollóttu fé en móðurmóðir hans, 19-932, var hyrnd. Sú kind var skyldleikaræktuð út af Frama 11-250 sem var mesti yfirburða-lambafaðir búsins á sínum tíma. Þessi amma Hólma var jafnframt mjólkurlagin og farsæl. Dóttir hennar, 24-348 sem er móðir Hólma, fer einnig vel af stað sem afurðaær. Veturgömul skilaði hún einu lambi og var fallþungi þess 22,8 kg og það flokkaðist í U3+. Í vor var hún tvílembd og skilaði báðum lömbunum vel framgengnum. Á móti Hólma gekk hrútlamb sem stigaðist upp á 87 stig og var sett á heima á Ríp.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Leví 25-832, faðir Hólma, gaf eingöngu hvít afkvæmi en móðir hans er undan svartflekkóttri kind. Það verður því að koma í ljós næsta vor hvort Hólmi hefur fengið erfðavísi fyrir fjölbreyttari litum en hvítu frá móður sinni.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2/10 2026-44-104-37/2,9/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-19,0-9,0-8,0-8,5=90,0 stig.



Heiniger

TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR









STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA


Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
gudmundur@vesturland.is





26-867 KÓPUR

frá Hófgerði, Flóa



R171

F **KETILL 25-073**	FF **ÓFEIGUR 24-973 frá Heydalsá 1**
	FM **VÍSA 22-133**
M **HARPA 24-041**	MF **LEIFUR 23-071**
	MM **ÝR 20-102**

FMMF: Þristur 18-856, MMMF: Grábotni 06-833

Lýsing: Svartbotnóttur, kollóttur með þróttlegan haus. Frábærlega breiður og fylltur um herðar með holdgróið bak. Lærvöðvar kúptir, þykkir og loka vel upp í klofið. Stórglæsilegur, bollangur og harðholda hrútur.

Ullarlýsing: Litaskipting skýr og ullin óvenju hreinlit miðað við þennan lit. Togið er örlítið móleitt á köflum. Toglengd í góðu lagi en togið þó aðeins styttra í baki en síðum. Þelið er þykkt og ullarmagn vel yfir meðallagi.

Bakgrunnur: Kópur 26-867 er þriðji hrúturinn frá Hófgerði í Flóa sem kemur á sæðingastöð á jafnmörgum árum, á eftir Toppi 24-974 og Leví 25-832. Faðir Kóps, Ketill 25-073, er öflugur gerðarhrútur. Sett voru á 7 lömb undan Katli í haust, tveir lambhrútar og 5 gimbrar. Meðalfallþungi afkvæma hans var 20,6 kg, einkunn fyrir gerð 12,8 og fyrir fitu 7,2.

Móðir Kóps, Harpa 24-041, átti eitt lamb gemlingur, fallega gimbur sem var seld. Harpa var svo tvílembd í vor en lambið á móti Kópi drapst á sauðburði þannig að hann gekk einn undir. Harpa er svartbotnótt eins og Kópur. Hún er með 6,0 í afurðastig eftir eitt ár.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0%

Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Sem svartbotnótt kind mun Kópur gefa bæði botnótt og dökkt í A-sæti leyfi móðurætt afkvæma slíkt á móti. Hvort hann hefur erfðavísi fyrir mórauðu og tvílit verður að koma í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).


Mál og stigun: 17/9 2026-55-108-38/3,0/4,5-8,0-10,0-9,5-9,5-9,5-19,0-,0-8,0-9,0=90,5 stig.





26-868 TAKTUR

frá Laxárdal 3, Hrútafirði



H154

T137

F **MÖRÐUR 25-823 frá Möðruvöllum 2**	FF **PÚKI 24-733**
	FM **GJÓSKA 21-006**
M **22-306**	MF **HAMUR 19-865 frá Heydalsá 2**
	MM **19-718**

MMF: Jökull 13-811.

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Afar vel vöðvafylltur og breiðvaxinn hrútur en jafnframt langvaxinn. Glæsigripur á velli.

Ullarlýsing: Guldröfnóttur á haus og gulur á fótum. Örfá gul hár finnast aftan til í reyfi. Togið er fremur langt og jafnt um allt reyfið. Þelið er í þynnra lagi, ullarmagn í meðallagi.


Bakgrunnur: Mörður 25-823, faðir Takts 26-868, skilaði kostaríkum lambahópi eftir sinn fyrsta vetur á stöð og var valinn til frekari notkunar. Um reynsluna af honum má lesa í umfjöllun um hann sjálfan hér í skránni.

Móðir Takts, 22-306, var einlembd gemlingur en hefur síðan verið tvílembd. Hún hefur 6,2 afurðastig fyrir þrjú ár en haustuppgjör 2026 liggur ekki fyrir. Þremur lömbum hefur verið slátrað undan henni og flokkuðust þau öll í E.

Litaerfðir: Faðir Takts, Mörður 25-823, er arfblendinn fyrir dökkum lit og tvílit en erfir ekki mórauðan lit. Móðir Takts er arfhrein hvít. Það kemur því í ljós næsta vor hvort Taktur er arfhreinn hvítur eða hefur fengið eitthvað af þeim litaerfðum sem faðir hans býr yfir.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (AT_{137}RQ//AHQ).

Mál og stigun: 16/9 2026-50-110-37/3,5/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-19,5-7,5-8,0-9,0=89,0 stig.



HUGSAÐU STÆRRA

limtrevirnet.is

Með íslensku límtré og steinullareiningum getur þú byggt fjósið, geymsluna eða höllina sem þig langar í.





- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Límtré er hlýlegt byggingarefni sem gerir bygginguna þína notalegri.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.

Hafðu samband og kynntu þér möguleikana


LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi



26-875 BRÚSKUR

frá Melhóli, Meðallandi



N138

F 25-215	FF GASSI 20-300	
	FM 21-113	
M 23-323	MF GASSI 20-300	
	MM 20-005	

FFF, FMF og MFF: Brúsi 18-881, MMMF: Lobbi 09-939





Lýsing: Dökkgrár, fínhyrndur.

Ullarlýsing: Ullarlitur er mjög jafn og fallegur. Togið er prýðilega lokkað um mestallan feldinn og lokkurinn sjálfur sterkur og nær vel inn að bjór. Ullin er einstaklega þellítil sem telst til kosta í feldræktun og togið fínt og fallega gljáandi. Ullar- og feldgæði frábær.

Felldómur 25/9 2026

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljái	Háragæði	Togháragæði	Þéttleiki	Heildareinkunn
5	4	5	5	5	4	4	32

Bakgrunnur: Brúskur 26-875 er talsvert skyldleikaræktaður því Brúsi 18-881 stendur þrívegis að baki honum í þriðja ættlið. Það er því umhugsunarefni hvort skynsamlegt sé að sæða dætur Brúsa með Brúsk. Brúskur reiknast 89% af feldfjárkyni þannig að í ætt hans er einnig að finna kindur sem eru af öðrum uppruna. Einhverjum kann að finnast undarlegt að bjóða nú hyrndan hrút af feldfjárkyni. Því er til að svara að í grunnræktuninni var og er jafnvel enn nokkuð um hyrndar kindur. Þar sem hér kom fram frábær hrútur hvað feldgæði varðar þótti ekki ástæða til að sniðganga hann vegna hornanna.

Móðir Brúsks, 23-323, var höfð geld sem gemlingur en hefur síðan verið tvílembd. Hún hefur 5,4 afurðastig fyrir eitt ár en haustuppgjör liggur ekki fyrir.

Litaerfðir: Undan 25-215, föður Brúsks, hafa eingöngu komið grá eða svört lömb. Langlíklegast er að Brúskur sé arfblendinn grár og undan honum komi aðeins grá eða svört lömb nema mæðurnar ráði lit lamba. Tvílitur ólíklegur.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AN_{138} RQ/ARQ).

FORYSTUHRÚTUR VETURINN 2026 - 2027



25-877 GRETTIR

frá Holti, Þistilfirði



H154

H154

F GLÁMUR 24-316	FF DÝRI 21-048 frá Gunnarsstöðum I	
	FM ELVA 22-056	
M JÖKLA 23-081 frá Leifsstöðum	MF GABRÍEL 21-180 frá Vestaralandi 2	
	MM ENGLUND 19-090 frá Sandfellshaga 2	

FMF: Frakki 20-895

Lýsing: Grámóruarnhöfðóttur, fínhyrndur, með gott hornalag. Háfættur, vænn og tígulegur forystuhrútur. Ullarmikill með skemmtilega grámórauða litablöndu.



Bakgrunnur: Grettir 25-877 er af norður-þingeyskum aðalsættum forystufjár. Auk upprunans í Holti á hann ættir að rekja til búa sem hafa verið í fremstu röð við ræktun forystufjár í Norður-Þingeyjarsýslu s.s. Gunnarsstaða 1, Sandfellshaga 2 og Vestaralands II. Í fyrstu fjórum ættliðunum í ættartré hans er aðeins að finna einn stöðvahrút, Frakka 20-895 frá Holti, en svo tínast eldri stöðvahrútar inn þegar fjær dregur. Að sögn Hildar Stefánsdóttur í Holti, fyrri eiganda Grettis, ber hann þess merki að vera ættaður bæði úr Þistilfirði og Öxarfirði. Hann er drjúgur með sig og óhræddur við að taka af skarið en um leið kurteis, þægur og hógvær. Hann er ekki kelinn en samt mjög auðveldur í meðförum og háttprúður á húsi.

Litaerfðir: Grettir getur væntanlega gefið alla liti og tvílit.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Ræktun gegn riðu í íslensku sauðfé

Leiðbeiningar um innleiðingu verndandi arfgerða

Ræktun gegn riðu – áherslur og staða

Markviss ræktun gegn riðu hefur nú staðið í 4 ár. Mikið hefur áunnist á þessum tíma og almennt sýna bændur verkefninu áhuga og jákvæðni. Unnið er eftir „Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu“ sem er sameiginleg stefna bænda og stjórnvalda. Í lok árs 2025 kom fram reglugerð sem byggir á landsáætluninni og gerir í raun öllum sauðfjárbændum skylt að rækta gegn riðu. Reglugerð um flutning sauðfjár yfir varnalínur var breytt í ár og þá var opnað í Fjárvís „riðumælaborð“ sem ætlað er til að hjálpa bændum að halda utan um markmið og stöðu síns bús.

Markmið fyrir áhættubæi:

Að innleiðingin gangi sem hraðast. Að **haustin 2026** og **2027** beri >75% kynbótahrúta V/V eða V/MV arfgerðir og restin MV/MV. **Haustið 2026** beri >50% ásettra áa V/x eða MV/x og h**austið 2027** verði það >63%.

Markmið fyrir aðra bæi í áhættuhólfum:

Að **haustið 2026** beri >25% kynbótahrúta V/V eða V/MV arfgerð og restin V/x eða MV/x. Einnig að >25% áa séu V/x eða MV/x. Að **haustið 2027** beri >50% kynbótahrúta V/V eða V/MV arfgerð og restin V/x eða MV/x. Einnig að >37% áa séu V/x eða MV/x.


Markmið fyrir landið allt utan áhættuhólfa:

Að haustið **2032** beri **100%** kynbótahrúta í 95% hjarða V/V, V/MV eða MV/MV. Eftir 20 ár, haustið **2044,** muni **>90% fjár** í öllum hjörðum bera V og MV arfgerðir.

Áfram gilda eftirfarandi áhersluatriði fyrir sauðfjárræktina almennt:

- Almennt er miðað að því að innleiða verndandi arfgerðir eins hratt og kostur er án þess þó að ógna virkri stofnstærð sauðfjárstofnsins í heild með of hraðri aukningu skyldleikaræktar.
- Til að sporna gegn skyldleikaræktaraukningu eru bændur áfram hvattir til að skipta ört um hrúta og para skipulega saman gripum til að búa til heppileg hrútsefni m.t.t. skyldleika.
- Þar sem riðuáhættan er mest, eru bændur hvattir til að setja hraða innleiðingar í fyrsta sæti og hafa minni áhyggjur af skyldleikarækt.
- Því fyrr sem bændur koma sér upp arfhreinum hrútum eða hrútum með tvo breytileika sem veita vernd, því fyrr minnkar þörf fyrir arfgerðargreiningar, úrval til ásetnings eykst og viðbótarvinna og kostnaður vegna innleiðingarinnar minnkar.
- Fjölgun ættlína sem bjóða upp á V og MV arfgerðir og aukið framboð ARR hrúta sem ekki eru náskyldir Gimsteini 21-899 og Gullmola 22-902, gefur færi á að auka hraðann við að búa til arfhreina gripi eða hrúta sem bera tvö „græn flögg“.

Sætin sex sem tengjast þoli gegn riðu í íslensku sauðfé



Príon genið

Í íslensku sauðfé finnast breytileikar í 6 sætum á PrP-geninu sem hafa áhrif á næmi kinda fyrir riðu.
PrP-genasamsætan eða arfgerðin er táknuð með bókstöfum sem vísa í upphafsstafi þeirra amínósýra sem koma fyrir í ákveðnum sætum príon-próteinsins.

Hér á landi hefur verið notast við þriggja-sæta skammstöfun en ef finnst breytileiki í sætum **137**, **138** eða **151** er fjórða sætinu bætt við.

Hefðbundin framsetning á PrP-arfgerð er að gefa upp amínósýrur í sætum **136**, **154** og **171** en stökkbreytingar eða breytileikar í þeim sætum eru nýttir í ræktunarstarfi víða um heim og m.a. hjá löndum Evrópusambandsins. Villigerð PrP-gensins er því táknuð **ARQ**.

Næmi PrP-arfgerða fyrir riðusmiti – flöggin

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum (nóvember 2023), um næmi arfgerða í íslensku sauðfé hafa verið settar fram skilgreiningar á næmi genasamsætanna. Skilgreiningarnar byggja á eldri rannsóknum, nýjum rannsóknum á gömlum riðuhjörðum og PMCA næmiprófunum.

Flögg í Fjárvís	Heiti gena-samsætu	Næmi	Tíðni samsætu í fjárstofninum framleiðsluárið 2026.	Hefur samætan fundist í riðujákvæðum kindum?	Niðurstöður PMCA næmi-rannsókna*.	Nánar
R171	ARR	**Verndandi (V)**	11,22% tíðni. Fyrst ein upphafshjörð, nú hafa fleiri fundist.	Já - Líklega 3 kindur í heiminum riðujákvæðar með ARR/ARR. Mjög sjaldgæft í arfblendnum kindum.	Mikil mótstaða.	Öruggasti kosturinn vegna áratugareynslu af notkun ARR í Evrópu. Eitlakerfið smitast aldrei og ljóst að þessir gripir geta ekki verið „heilbrigðir" smitberar.
T137	$AT_{137}RQ$	**Mögulega verndandi (MV)**	1,05% tíðni. Nokkrar upphafshjarðir.	Líklega ekki. Hefur mikið verið rannsakað á Ítalíu. Ekki fundist í íslenskri riðukind.	Mikil mótstaða.	Reynist verndandi í fé á Ítalíu. Hefur heldur ekki fundist þar í eitlum kinda. Takmörkuð gögn um reynslu T137 hér á landi. Aðeins riðuneikvæðir T137 gripir hafa fundist í riðuhjörðum.
C151	$AC_{151}RQ$		1,25% tíðni	Já – 1 kind með C151/VRQ arfgerðina (Ísland).	Mikil mótstaða.	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er marktækur munur á mótstöðu gripa með C151/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripi.
H154	AHQ		11,42% tíðni	Já – 2 kindur, báðar með AHQ/ARQ arfgerðina (Ísland).	Mikil mótstaða.	Samkvæmt skoðun á gömlum riðuhjörðum er hámarktækur munur á mótstöðu gripa með AHQ/ARQ samanborið við ARQ/ARQ gripi.
N138	$AN_{138}RQ$	**Lítið næm** Veitir mótstöðu	4,96% tíðni.	Já - 12 kindur með N138/ARQ og 6 kindum með N138/VRQ (Ísland).	Minni mótstaða en R171, T137, C151 og H154.	Riðusmit hefur fundist í eitlum kinda sem bera N138. Rannsóknir á gömlum riðuhjörðum sýna þó að marktækt minni líkur eru á að kindur með N138/ARQ smitist en kindur með ARQ/ARQ.
	ARQ	**Villigerð** Næm	Algengasta genasamsætan. 68,59% tíðni.	Já – ARQ/ARQ er algengasta genasamsætan í riðujákvæðum kindum á Íslandi.	Mjög lítil mótstaða.	Rannsóknir sýna að gripir með ARQ/ARQ (áður kölluð hlutlaus arfgerð) séu næmir fyrir riðusmiti. **Stefnt er að útrýmingu.**
V136	VRQ	**Áhætta** Mjög næm	1,52% tíðni.	Já – Hlutfallslega mjög algeng í riðujákvæðum kindum á Íslandi.	Mjög lítil mótstaða.	Arfgerðir sem innihalda VRQ eru kallaðar áhættuarfgerðir. Flestar rannsóknir benda til þess að VRQ samsætan sé mjög næm fyrir riðusmiti. **Stefnt að útrýmingu.**

**Niðurstöður PMCA næmi rannsókna á íslenskum heilavefjum gagnvart íslensku riðusmiti*

Næmi gripsins byggir á samsetningu samsætanna = arfgerðinni. Ef horft er á þetta út frá litum flagganna þá skiptir máli hver samsetningin er, þar sem allir gripir bera tvö flögg. Þannig að flöggin sýna hver arfgerð gripsins er. Í dag eru flestir gripir með tvö gul flögg (villigerð). Markmiðið þarf að vera að fækka gripum sem bera eingöngu gul flögg en til lengri tíma litið er stefnt að útrýmingu gulra flagga. Rauðu flöggum þarf að útrýma sem fyrst. **Á áhættusvæðum fyrir riðu ætti að leggja höfuð áherslu á hraða innleiðingu dökkgræna flaggsins (ARR).**

Arfgerðargreiningar

Arfgerðargreiningar þjóna lykilhlutverki við innleiðingu verndandi arfgerða. En hvaða gripi skal arfgerðargreina?

Hrútar - Grundvallaratriði er að allir hrútar sem eru notaðir til kynbóta séu valdir með hliðsjón af arfgerðargreiningum. Á fyrstu árum innleiðingarinnar verða flestir hrútar með verndandi arfgerðir í notkun arfblendnir og því **mikilvægt að fylgja eftir notkun á þeim með arfgerðargreiningu,** sérstaklega hrútlamba sem koma til greina til ásetnings. Þannig tryggjum við að réttu gripirnir séu settir á.

Gimbrar – Á þeim búum þar sem áherslan er að auka hlutdeild verndandi arfgerða í hjörðinni sem hraðast er æskilegt að greina einnig gimbrar við ásetningsval fyrstu árin.

Mikilvægt að vanda til verka við sýnatöku

Það er grundvallaratriði að **sýnanúmer** séu skráð á rétta gripi í Fjárvís. Skila þarf **sýnalista** með sýnum til RML þar sem hann er varðveittur en mælt með því að bændur eigi afrit af honum sjálfir ef einhver mistök eða ruglingur á sér stað.

Genasamsætur og erfðir

Hver einstaklingur hefur tvær genasamsætur. Önnur kemur frá föður og hin frá móður. Á hvorri genasamsætu er hægt að búast við einum breytileika sem hefur áhrif á riðumótstöðu. Hver einstaklingur, sem er með þekkta PrP-arfgerð í Fjárvís.is, er merktur með tveim flöggum - einu flaggi fyrir hvora genasamsætu.

Gripur greindur með ARR/ARQ fær flöggin 

og  (hann er *arfblendinn*). **Helmingur afkvæma** gripsins munu því erfa ARR og hinn helmingurinn ARQ.


Gripur greindur með ARR/ARR fær flöggin 

og 

(þessi gripur er *arfhreinn* fyrir ARR genasamsætunni). **Öll afkvæmi** þessa grips munu erfa ARR og verða að minnsta kosti arfblendin fyrir ARR.

Breytileikarnir **hoppa ekki** yfir kynslóðir. Því skiptir ekki máli hvaða arfgerðir afinn og amman báru ef ljóst er hvaða arfgerðir foreldrarnir bera með arfgerðargreiningu.

Þar sem ekki er vitað hvort **afkvæmi arfblendinna** foreldra hafa erft réttu genasamsæturnar**, þarf að arfgerðargreina** þau til að fá úr því skorið hvaða arfgerð þau bera.



Hver gripur / hvert afkvæmi getur aðeins borið tvo breytileika (tvö flögg). Undan tveim arfblendnum foreldrum er því von á fjórum mismunandi arfgerðum sem lömbin gætu borið.

Nokkur atriði varðandi ræktun gegn riðu

Arfhreinir hrútar

Einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að tryggja að eingöngu gripir sem bera lítið næmar eða verndandi arfgerðir séu settir á, er að nota hrúta sem eru **arfhreinir** fyrir **verndandi, mögulega verndandi** eða **lítið næmum** arfgerðum → Nota hrúta sem hafa *bara græn eða blá flögg*. Þá munu öll þeirra afkvæmi bera að minnsta kosti eina verndandi eða lítið næma genasamsætu.

Hrútanotkun og skyldleikarækt

Til að sporna gegn skyldleikaræktaraukningu í stofninum er mikilvægt að skipta ört út hrútum. **Sérstaklega á þetta við um innleiðingu ARR í sauðfjárstofninn þar sem upphafsgripirnir sem ræktað er út frá eru fáir.**
Því er almennt mælt með að á **fyrstu árum** innleiðingarinnar sé hrútum skipt út árlega og lögð áhersla á notkun efnilegra lambhrúta.

Hvað á að gera við lömbin sem erfðu ekki ARR?

Í ljósi þess að í upphafi innleiðingar á ARR verður mikið framboð af hrútum sem eru **arfblendnir** fyrir ARR mun því helmingur afkvæma þeirra **ekki bera ARR**. Eindregið er mælt með að sá hluti hrúta sem ekki ber ARR sé **ekki nýttur til kynbóta.** Þetta er til að sporna gegn því að hlutdeild upphafshrútanna frá Þernunesi í stofninum verði meiri en þörf er á. Varðandi gimbrar af þessu kyni sem ekki bera ARR er mælt með að þær séu eingöngu settar á í undantekningartilfellum þegar um úrvalsgripi er að ræða.

Stuðningur og hvatagreiðslur

Gert er ráð fyrir þrennskonar stuðningi við bændur í landsáætlun til að hvetja bændur áfram í ræktun gegn riðu.

- Stuðningi við arfgerðargreiningar
- Niðurgreiðslu á sauðfjársæðingum
- Hvatagreiðslum til áhættubæja vegna notkunar á hrútum sem bera **V/V, V/MV eða MV/MV** arfgerðir. Bændur á búum sem munu teljast áhættubú samkvæmt landsáætlun eru hvattir til að tryggja sér slíka hrúta.

Allir kynbótahrútar arfgerðargreindir

Æskilegt er að arfgerðir allra hrúta landsins sem settir eru á til kynbóta, séu þekktar. Kostnaður bónda við arfgerðargreiningu á vegum RML er áætlaður 300 kr. án vsk, þegar búið er að draga frá hvatastyrk vegna ásetningshrúta (hrútar sem skráðir eru ásettir í Fjárvís 13. desember 2026).

Riðumælaborð

Vorið 2026 bættist við tól í skýrsluhaldsforritinu Fjárvís.is sem kallast „Riðumælaborð“. Þar má finna eftirfarandi upplýsingar:

- **Áhættuflokkur** búsins m.t.t. riðuveiki.
- Heiti **varnarhólfs** sem búið tilheyrir.
- **Markmið** búsins samkvæmt landsáætlun um innleiðingu V og MV arfgerða.
- **Staða** innleiðingar á búinu samanborin við markmiðin.
- Fyrir hvert ár sem búið stenst áætlun fær það „**bikar“.**
- **Samsetning** sauðfjárstofnsins á búinu m.t.t. næmi arfgerðanna er lýst með skífuritum.

RML

Algengar spurningar

Hvernig get ég arfgerðargreint gripi í minni hjörð?

Tekið er vefjasýni úr eyra (myndband: www.tinyurl.com/synataka). Hylki til sýnatöku eru pöntuð á heimasíðu RML. Þegar sýni hafa verið tekin eru þau skráð á rétta gripi í Fjárvís („*Skráning*“ og „*forskráning sýnanúmer*“). Þegar sýnin hafa verið tekin og forskráð skal senda þau til RML ásamt fylgiblaði sem fylgir sýnatökuhylkjum þar sem fram koma upplýsingar um númer sýna og gripi. Heimilisföng starfsstöðva RML þar sem tekið er við sýnum eru Hvanneyrargata 3, 311 Borgarnes og Höfðabakki 9, 4. hæð, 110 Reykjavík.

Hvað tekur langan tíma að fá niðurstöður úr arfgerðargreiningu?

Utan álagstíma er algengur tími 2 til 3 vikur.

Hvar sjást niðurstöður arfgerðargreininga?

Hægt er að sjá arfgreiningarflögg gripanna í „Gripalisti“ í Fjárvís ásamt því að full greining birtist í yfirliti hvers og eins grips. Þá er hægt að fara í „yfirlit“ og velja „sýnaleit bænda“.

Af hverju skila niðurstöður arfgerðargreininga sér ekki í Fjárvís?

Líklegar skýringar: Sýnanúmer rangt skráð, greiningaraðili rangt skráður eða sýnið ógreinanlegt. Fyrirspurnir er hægt að senda á dna@rml.is.

Á hvaða tímapunkti ætti að taka sýni úr lömbum og senda til arfgerðargreininga?

Gott er að taka sýni úr lömbum sem líkleg eru til ásetnings á sauðburði. Einnig er hægt að taka sýni úr lömbum á haustin og senda til greiningar en þá þarf að gera ráð fyrir að minnsta kosti 2-3 vikna bið eftir niðurstöðum.

Er gagnlegt að arfgerðargreina fullorðnar ær?


Já. Fyrir þá sem vilja byggja hratt upp þolinn stofn er hjálp í því að kortleggja ærstofninn. Góð byrjun getur verið að taka fyrir ákveðinn árgang til að fá þversnið af hjörðinni.

Þarf að arfgerðargreina gripi undan foreldrum sem eru arfhreinir fyrir verndandi arfgerðum?

Ef báðir foreldrar eru arfhreinir fyrir ákveðinni genasamsætu er með öllu óþarft að greina afkvæmin en Fjárvís getur þá kveðið upp greininguna. Ef annað foreldrið er arfhreint, til dæmis ef faðirinn ber ARR/ARR, er hægt að treysta því að öll afkvæmin fái ARR frá honum og séu því að lágmarki arfblendin. Því ætti ekki að þurfa að greina nema takmarkaðan hóp lamba þegar notaðir eru arfhreinir hrútar og þá aðeins til að komast að því hverju móðirin hefur skilað.

Þarf að arfgerðargreina gripi sem fá „Fjárvís greiningu“?

Nei. Athuga ber þó að sumir gripir hafa ekki fengið greiningu fyrir öll sex sætin og því getur Fjárvís greining á afkvæmum þeirra verið takmörkuð við ákveðin sæti.



Öll afkvæmi arfhreinna foreldra erfa genasamsætuna. Til að rækta hrúta sem gefa eingöngu verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir þarf að para saman foreldra sem búa yfir a.m.k. einni verndandi eða mögulega verndandi genasamsætu (að báðir foreldrar hafi a.m.k. eitt grænt flagg).

Þegar sýni eru arfgerðargreind, er þá einnig hægt að skoða hvort kindin sé riðuveik?

Nei.

Getur riða borist með sæði?

Nei – aldrei hefur verið sýnt fram á það.

Þarf að lóga gripum með áhættuarfgerðina V136?

Lömb sem bera VRQ genasamsætuna ætti ekki að setja á. Ef í ljós kemur að fullorðnar ær beri VRQ skiptir máli hver hin genasamsætan er sem gripurinn ber (ARQ eða VRQ eru óæskilegar), hversu margir næmir gripir eru í hjörðinni og hvar hjörðin er staðsett með tilliti til riðuáhættu. Í sumum tilfellum væri æskilegt að taka slíka gripi úr framleiðslu.

Hvort ætti ég að sæða með ARR-hrútum eða hrútum með aðrar verndandi arfgerðir?

Á mestu áhættusvæðum með tilliti til riðu ætti að leggja aðaláherslu á ARR og fylla upp í með öðrum mögulega verndandi arfgerðum.

Mitt bú er ekki á riðusvæði. Þarf ég að innleiða verndandi arfgerðir?

Já, það er lykilinn að árangri – engin svæði eru óhult. Sérstaklega er mikilvægt að bú sem selja kynbótafé komi inn af krafti strax. Í landsáætlun um útrýmingu riðu eru sett markmið um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða á landinu öllu utan áhættusvæða, meðal annars annars þessi:

- **Haust 2032** - 100% kynbótahrúta í 95% hjarða er V/V, V/MV eða MV/MV (tvö græn flögg).
- **Haust 2034** - >50% fjár í hverri hjörð ber V eða MV arfgerð (a.m.k. eitt grænt flagg).

Á þínu svæði er óhætt að fara hægar í að leggja eingöngu áherslu á ARR, heldur nýta einnig gripi með mögulega verndandi arfgerðir til að forðast of mikla skyldleikarækt.



SAUÐFJÁRBÆNDUR

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki, Sláturhús KVH á Hvammstanga og Sláturhús KN á Húsavík reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárbændum með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum bændum um land allt viðskiptin síðastliðin haust!

Kjötafurðastöð | KJARNAFÆÐI | NORÐLENSKA | skvh

Hrútar 2025-26, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2026

Hyrndir Númer og nafn		Fjöldi	Þungi	ÓMV	ÓMF	Lögun	Fótl.	Haus	H + h.	B + útl.	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	ALLS	Kynbótamat Gerð	ÓMV	Fita	Fallþungi bein áhrif	Fallþungi mæðraáhrif	Mjólkurlagni	Frjósemi	Heild	Stöð 2026-27
21-981	Álfur	83	49,4	31,9	3,8	4,2	109,0	8,0	8,5	8,8	8,6	8,7	17,8	7,9	8,0	8,4	84,6	113	118	102	124	114	112	108	114	S
22-913	Frosti	142	46,6	32,7	3,1	4,3	108,5	8,0	8,5	8,7	8,7	8,7	17,8	8,0	8,0	8,4	84,9	123	128	103	115	104	110	109	114	F
22-934	Fursti	18	47,1	31,8	2,7	4,2	110,1	7,9	8,6	8,6	8,7	8,8	17,6	7,9	8,0	8,2	84,2	116	115	98	112	101	91	115	112	F
23-937	Faldur	189	48,2	35,8	3,2	4,5	108,5	8,0	8,7	8,9	9,0	8,9	18,1	7,9	8,0	8,4	85,8	125	143	102	125	97	106	123	120	F
24-959	Hlekkur	95	48,1	32,5	2,4	4,3	110,1	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,6	7,8	8,0	8,3	84,4	106	129	119	117	119	110	113	112	F
24-960	Hrókur	314	47,0	35,9	2,9	4,5	108,8	7,9	8,7	8,8	9,0	9,0	18,2	7,8	8,0	8,4	85,7	137	144	109	116	93	104	95	112	F
24-982	Jarl	67	46,6	31,1	2,8	4,1	109,4	7,9	8,2	8,5	8,6	8,5	17,4	8,0	8,0	8,3	83,3	117	120	112	119	96	104	99	108	F
25-800	Hlíðar	137	46,7	32,3	2,8	4,2	108,7	7,9	8,4	8,6	8,7	8,6	17,7	8,0	8,0	8,3	84,1	103	114	104	122	112	113	103	108	F
25-801	Mökkur	155	47,6	28,9	3,1	4,1	108,3	8,0	8,5	8,7	8,5	8,6	17,6	7,9	8,0	8,4	84,3	106	100	96	112	107	105	108	108	F
25-802	Dalur	103	48,1	30,7	2,9	4,1	109,0	8,0	8,5	8,7	8,6	8,7	17,7	8,0	8,0	8,3	84,5	106	113	104	116	109	105	98	106	F
25-803	Verkur	138	48,1	30,6	3,4	4,1	110,6	8,0	8,4	8,6	8,6	8,6	17,4	7,9	8,0	8,2	83,6	96	104	108	109	109	106	114	106	F
25-804	Miðill	119	47,0	34,0	3,4	4,3	109,1	7,9	8,4	8,7	8,8	8,7	17,8	8,0	8,0	8,3	84,7	106	128	98	128	107	103	113	113	F
25-805	Postuli	126	48,4	32,1	2,9	4,2	109,0	7,9	8,5	8,8	8,7	8,7	17,6	8,0	8,0	8,4	84,7	92	111	103	121	110	109	97	103	F
25-806	Áttundi	232	46,6	32,7	2,6	4,3	108,3	8,0	8,6	8,7	8,7	8,8	17,9	8,1	8,0	8,4	85,3	116	117	102	114	110	109	101	110	F
25-807	Gígur	69	47,0	31,3	2,4	4,2	108,7	7,9	8,4	8,7	8,7	8,6	17,7	8,1	8,0	8,4	84,5	104	118	109	121	102	102	99	106	B
25-808	Boli	216	48,6	32,3	3,2	4,3	108,2	8,0	8,5	8,8	8,7	8,7	17,8	7,8	8,0	8,4	84,9	105	108	97	129	97	105	115	112	F
25-809	Háfur	87	48,1	29,2	2,6	4,0	109,9	7,9	8,4	8,6	8,5	8,6	17,4	8,1	8,0	8,3	83,7	90	97	113	114	106	108	106	102	F
25-810	Tandri	186	47,9	30,1	3,3	4,1	108,6	7,9	8,5	8,7	8,6	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,3	105	105	98	116	105	105	98	105	F
25-811	Skörðungur	361	47,9	33,3	2,3	4,3	109,7	7,9	8,5	8,7	8,8	8,8	17,9	7,7	8,0	8,4	84,8	114	129	115	120	100	106	100	108	B
25-812	Flói	253	48,0	31,3	3,2	4,1	110,1	7,8	8,4	8,7	8,7	8,6	17,5	8,0	8,0	8,3	84,0	95	112	97	117	104	107	109	105	F
25-813	Harry																	104	106	100	117	111	109	97	106	F
25-814	Bryti	115	46,2	31,7	3,0	4,3	108,6	8,0	8,4	8,6	8,7	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,2	117	112	109	121	103	104	100	110	S
25-815	Korkur	81	50,2	31,7	3,3	4,1	110,0	8,0	8,4	8,6	8,7	8,6	17,5	7,9	8,0	8,4	84,1	100	111	108	131	101	99	99	106	F
25-816	Goði	193	49,1	31,3	2,6	4,2	108,7	8,0	8,5	8,8	8,7	8,7	17,8	8,0	8,0	8,4	84,9	111	110	107	129	106	103	113	114	S
25-817	Brútus	72	48,7	33,4	3,0	4,3	109,7	7,8	8,4	8,7	8,8	8,8	17,8	8,2	8,0	8,5	85,0	105	124	108	139	98	109	95	108	F
25-818	Magni	90	46,6	28,4	3,5	3,8	108,4	8,0	8,3	8,6	8,4	8,5	17,3	7,9	8,0	8,3	83,3	99	93	89	107	101	101	103	102	F
25-819	Máni	27	47,8	32,8	3,8	4,3	109,0	8,0	8,5	8,6	8,8	8,8	17,8	8,2	7,9	8,4	85,0	101	117	101	116	106	104	100	105	F
25-820	Búi	105	48,3	31,4	3,0	4,1	109,6	8,0	8,5	8,7	8,7	8,7	17,7	7,9	8,0	8,4	84,5	101	108	100	130	95	103	100	106	F
MT. HYRNDIR		**3.773**	**47,8**	**32,3**	**3,0**	**4,2**	**109,1**	**7,9**	**8,5**	**8,7**	**8,7**	**8,7**	**17,7**	**7,9**	**8,0**	**8,4**	**84,6**									

Kollóttir																								
22-938	Bónus	29	46,5	28,6	2,6	3,9	108,2	7,8	8,5	8,6	8,4	8,6	17,6	8,1	8,0	8,4	84,0	113	103	107	123	97	113	110	111	F
24-983	Kútur	122	46,5	32,9	4,0	4,2	108,2	7,8	8,7	8,8	8,8	8,8	17,9	8,4	8,0	8,4	85,5	118	126	96	117	111	111	101	111	B
24-984	Vindur	93	49,7	32,7	3,1	4,3	109,2	7,9	8,7	8,8	8,8	8,8	18,0	8,4	7,9	8,6	85,8	112	120	112	136	100	107	94	109	F
25-821	Ísak	192	48,6	33,4	3,6	4,3	108,3	7,8	8,7	8,8	8,8	8,9	18,2	8,0	8,0	8,5	85,7	113	121	101	129	105	113	105	112	F
25-822	Rjómi	104	47,5	30,0	3,7	4,1	107,9	7,8	8,7	8,8	8,5	8,8	18,0	8,3	8,0	8,5	85,3	123	102	92	108	97	106	108	111	F
25-823	Mörður	57	47,7	31,8	3,4	4,4	108,0	7,8	8,6	8,8	8,8	8,8	18,0	8,4	8,0	8,5	85,7	121	113	98	128	103	106	111	116	B
25-824	Sproti	82	47,2	31,5	4,4	4,2	109,2	7,7	8,6	8,8	8,6	8,7	17,9	8,4	8,0	8,4	85,1	115	112	92	107	106	111	98	106	F
25-825	Natan	70	49,0	27,1	2,9	3,9	111,0	7,8	8,4	8,6	8,3	8,5	17,5	8,1	8,0	8,3	83,4	99	86	113	117	105	111	110	107	F
25-827	Vorboði	156	47,9	30,3	3,6	4,1	108,0	7,9	8,6	8,8	8,6	8,7	17,8	8,3	8,0	8,5	85,1	111	111	92	124	102	103	103	110	F
25-828	Völusteinn	366	47,9	32,6	3,8	4,3	108,7	7,8	8,6	8,7	8,8	8,8	17,9	8,3	8,0	8,4	85,3	109	118	97	128	101	113	107	111	F
25-829	Ljómi	84	46,9	30,0	3,4	4,2	107,5	7,9	8,6	8,7	8,5	8,6	17,8	8,6	8,0	8,5	85,1	105	103	94	107	103	105	103	104	F
25-830	Spaði																	116	117	100	125	101	111	112	114	F
25-831	Fáni	115	49,5	30,4	3,4	4,1	109,2	7,9	8,5	8,7	8,6	8,7	17,9	8,1	8,0	8,4	84,9	110	102	101	118	99	105	105	108	S
25-832	Leví	135	46,7	35,8	2,9	4,4	106,8	7,9	8,8	8,9	9,0	8,9	18,2	8,1	8,0	8,5	86,3	146	145	99	119	98	103	105	120	F
25-833	Hróður	109	49,6	29,8	2,9	3,9	110,2	7,9	8,4	8,6	8,5	8,6	17,6	8,1	8,0	8,4	84,0	87	100	111	130	105	111	108	105	F
25-834	Potter	50	49,0	32,9	3,4	4,4	110,1	7,9	8,7	8,7	8,8	8,7	17,8	8,3	8,0	8,5	85,5	117	123	100	131	97	105	104	113	S
MT. KOLLÓTTIR		**1.764**	**48,0**	**31,8**	**3,5**	**4,2**	**108,6**	**7,8**	**8,6**	**8,7**	**8,7**	**8,8**	**17,9**	**8,2**	**8,0**	**8,5**	**85,2**									
MT. ALLIR		**5.537**	**47,8**	**32,1**	**3,1**	**4,2**	**108,9**	**7,9**	**8,5**	**8,7**	**8,7**	**8,7**	**17,8**	**8,0**	**8,0**	**8,4**	**84,8**									

Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 3. nóvember 2026


Stöð 2026-27: B=Borgarnes, S=Þorleifskot, F=Fallinn





25-804 MIÐILL

frá Miðdal, Kjós



R171

F ÆGIR 22-012	FF KAPPI 16-839 frá Þóroddsstöðum
	FM ÞYRNIRÓS 20-012
M ARÍA 24-058	MF BJARKI 23-922 frá Hafrafellstungu I
	MM YDDA 21-024
FMFF og MMFF: Fáfnir 16-995	

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur. Örlítið grófur um herðar en bolur sívalur og holdfylltur. Lærahold öflug. Jafnvaxin og falleg kind. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Vel hvítur en dálítið af gulum hárum fannst á mölum. Togið hrokkið og stutt í baki en lengra og sléttara í síðum. Þelið fremur þunnt. Ullarmagn undir meðallagi.

Reynsla: Miðill 25-804 kom á sæðingastöð haustið 2025. Hann fékk ágæta notkun og til dóms skiluðu sér samkvæmt Fjárvísi 119 lambhrútar og 202 gimbrar. Lömb undan Miðli voru að jafnaði með afar þykkan bakvöðva. Meðalþykkt vöðvans hjá sonum hans var 34 mm þegar leiðrétt er fyrir þunga og voru aðeins þrír stöðvahrútar sem skiluðu að meðaltali þykkari bakvöðva í haust. Synir hans eru á meðaltali fyrir lærastig en um og yfir meðaltali fyrir aðra eiginleika. Fallþungi afkvæma var að meðaltali 18,9 kg, gerðareinkunn 10,1 og fitueinkunn 7,1. Í heildina má segja að höfuðkostir Miðils sem lambaföðurs liggi í svellþykkum bakvöðva og bráðum þroska. Þá er Miðill líklegur til að verða góður alhliða kynbótahrútur, sérstaklega er spáin góð varðandi frjósemi dætra.

Móðir Miðils, Aría 24-058, var tvílembd gemlingur og kom þrílembd nú í vor. Gekk með tvö þeirra sjálf og stendur í 7,4 afurðastigum fyrir tvö afurðaár.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Miðill er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt en ekki mórautt.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 9/9 2025-53-108-34/4,5/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-8,5-18,5-8,0-8,0-8,5=86,0 stig.


Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	119
Þungi	47,0
Fótleggur	109,1
Læri	17,8
Ull	8,0
Ómvöðvi	34,0
Ómfita	3,4
Lögun	4,3





25-807 GÍGUR

frá Hólabæ, Langadal



R171

C151

F BRUNI 24-957 frá Teigi	FF HRAUNAR 23-929 frá Brúnastöðum
	FM 18-855
M 21-257	MF 18-600
	MM KARTA 12-463
MFF: Fáfnir 16-995	

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Afar þroskamikið lamb. Gleið framfótastaða og mikil breidd í öllum skrokknum ásamt feiknamikilli bollengd. Fasmikil og öflug kind á velli.

Ullarlýsing: Kolóttur í vöngum og dökkar rákir í hornum. Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár fundust í reyfi. Togið er fremur langt og jafnt yfir allt reyfið. Þelið þykkt. Ullin mjúk og ullarmagn í meira lagi.

Reynsla: Gígur 25-807 kom á sæðingastöð haustið 2025 og fékk þokkalega notkun. Um 70 hrútlömb og 140 gimbrar komu til skoðunar í haust. Ekki kom mikið fram af afgerandi hrútsefnum en gimbrarnar voru að jafnaði góðar og yfir meðallagi í samanburði við aðra gimbrahópa undan stöðvahrútunum. Meðalfallþungi sláturlamba undan Gíg var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og einkunn fyrir fitu 6,6. Þó gerð sláturlambanna sé í tæpu meðallagi samanborið við hina stöðvahrútana hækkar kynbótamat hans aðeins fyrir þennan eiginleika miðað við þá spá sem fylgdi honum í hrútaskrá síðasta árs. Gígur er einn af tiltölulega fáum hrútum sem bera ARR og C151 og er jafnframt með lága erfðahlutdeild Þernuneshrútanna. Hann er líklegur til að gefa þroskamikil lömb með góðan bakvöðva.

Móðir Gígs, 21-975, var einlembd veturgömul og hefur síðan verið tvílembd. Afurðastig hennar fyrir öll ár hækkaði í fyrra upp í 7,5 og þetta árið skilar hún vænni ásetningsgimbur og lambhrút sem var slátrað í byrjun september. Hann vóg 22,1 kg og flokkaðist í U3.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Gígur er arfblendinn hvítur en erfir ekki mórautt. Gefur tvítlit og þar með hreinhvítt.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn ($AC_{151}R$//ARR)..

Mál og stigun: 3/10 2025-60-110-36/2,5/5,0-8,0-9,5-9,5-9,5-9,0-18,5-8,5-8,0-9,5=90,0 stig.


Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	69
Þungi	47,0
Fótleggur	108,7
Læri	17,7
Ull	8,1
Ómvöðvi	31,3
Ómfita	2,4
Lögun	4,2





25-811 SKÖRÐUNGUR

frá Skarðaborg, Reykjahverfi



T137
T137

F **HRÓKUR 24-960** frá Brúnastöðum	FF **VITI 23-073**
	FM **GJÓTA 23-619**
M **SKESSA 24-085**	MF **KROSS 23-123** frá Stóru-Hámundarstöðum
	MM **SANDRA 19-371**

MFFF og MFMF: Austri 20-892, MMFF: Bósi 08-901

Lýsing: Hvítur, hyrndur með dökk horn. Bolurinn nokkuð breiður, sívalur og langur með frábæra vöðvafyllingu. Holdahnaus í fremstu röð.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka, á dindli og fótum. Mjög mikið af gulum hárum í reyfinu, einkum aftan til. Togið stutt og í meðallagi fínt. Þelþykkt í meðallagi en ullin stutt á bakinu. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Skörðungur 25-811 kom á stöð síðasta haust og fékk gríðarlega notkun enda miklar væntingar gerðar til hans þar sem hann var vel gert lamb og er arfhreinn fyrir T137. Til dóms skiluðu sér 361 lambhrútur og 468 gimbrar samkvæmt upplýsingum úr Fjárvísi. Afkvæmi Skörðungs voru nokkuð breytileg, hluti lambanna skartaði úrvalsgerð og þéttu sköpulagi en hinn hluti þeirra var dálítið grófgerður. Að jafnaði eru lömbin heldur háfættari en undan stöðvahrútunum almennt og framparturinn stigast um meðallag. Bak, malir og læri eru yfirleitt sterkir þættir í afkvæmunum. Lakasti þátturinn var ullin en hún var oft fremur gul og ullarmagn lítið. Samkvæmt kjötmati er fallþungi afkvæma hans 18,7 kg og einkunn fyrir gerð 10,4 og fitu 6,4. Af um 750 sláturlömbum fara 15% í E og 50% í U. Skörðungur er í heildina öflugur sláturlambafaðir líkt og kynbótamat hans gefur til kynna.


Móðir Skörðungs, Skessa 24-085, var einlembd veturgömul og í vor var hún tvílembd. Sett er á undan henni tvíflögguð gimbur og hinu lambinu slátrað. Það lagði sig á 18,2 kg og flokkaðist í U2. Skessa er með 5,9 afurðastig fyrir sín tvö ár.

Litaerfðir: Skörðungur er arfblendinn fyrir botnóttum lit, gefur ekki tvílit en hefur erfðavísi fyrir mórauðum lit.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfhreinn ($AT_{137}RQ//AT_{137}RQ$).

Mál og stigun: 25/9 2025-49-113-41/2,1/5,0-8,0-9,5-9,0-10-9,5-20,0-7,5-8,0-9,0=90,5 stig.


Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	361
Þungi	47,9
Fótleggur	109,7
Læri	17,9
Ull	7,7
Ómvöðvi	33,3
Ómfita	2,3
Lögun	4,3





25-838 SÓLI

frá Hríshóli, Eyjafirði



R171
R171

F **BRIMILL 24-950 frá Kópsvatni 2**	FF **HARRI 23-014**
	FM **18-303**
M **SÓLBIRTA 24-850**	MF **BÁTUR 23-746**
	MM **SÓL 21-576**

MFF: Gullmoli 22-902

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Kattlágfættur holdaköggull með úrvalsgóð lærahold. Fótleggur í október 2026 111 mm.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus en mætti rúinn til leiks svo ullargæði verða ekki metin að sinni.

Reynsla: Sóli 25-838 er fyrsti arfhreini ARR-hrúturinn sem á stöð kemur með reynslu sem kynbótahrútur. Hjá honum fellur það heppilega saman að vera arfhreinn fyrir ARR en með ásættanlega lága erfðahlutdeild Þernuneshrútanna og vera jafnframt búinn að sanna sig sem afbragðsgóður lambafaðir. Sjálfur er Sóli ákaflega þéttvaxin kind og virðist býsna kynfastur fyrir góðri gerð. Sláturupplýsingar liggja fyrir um 39 afkvæmi hans. Meðalfallþungi þeirra er 19,8 kg, einkunn fyrir gerð 11,5 og einkunn fyrir fitu 6,7. Uppgjöri er ólokið á Hríshóli en miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er búsmeðaltalið fyrir fallþunga 20,3 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og einkunn fyrir fitu 7,2. Allstór hópur lífgimbra er til undan Sóla og eitt hrútsefni valið til ásetnings heima á Hríshóli.


Sólbirta 24-850, móðir Sóla, bar tveim lömbum þegar hún var veturgömul og gekk með þau bæði. Sóli er því genginn sem gemlingstvílembingur. Hrúturinn sem gekk á móti honum vóg 22,1 kg í sláturhúsi og flokkaðist í E3. Í vor var Sólbirta aftur tvílembd og skilaði góðum lömbum í haust. Hún er með 7,5 afurðastig en árið í ár er óuppgert.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Sóli er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).


Mál og stigun: 9/9 2025-40-101-30/3,2/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-18,0-8,5-8,0-8,0=84,5 stig.





25-839 FELIX

frá Brúnastöðum, Flóa



R171

F **SANDUR 24-948 frá Hesti**	FF **STEINN 23-926 frá Kaldbak**
	FM **21-906**
M **RÍKEY 22-585**	MF **DROPI 21-082**
	MM **HEIMAEY 21-562**

MFF: Amor 17-831, MFMF: Drjúgur 17-808, MMF: Blossi 16-837, MMMF: Durtur 16-994

Lýsing: Hvítur, hyrndur. Mjög þéttvaxinn og harðholda hrútur. Vel gerður og ræktarlegur kynbótagripur. Fótleggur í október 2026 116 mm.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið svolítið misjafnt að lengd en fremur fínt. Þelið þykkt og ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Felix 25-839 er annar sonur Sands 24-948 frá Hesti sem kemur á sæðingastöð. Hinn var Áttundi 25-806 frá Ásgarði. Sandur fékk takmarkaða notkun á sínum tíma en hefur reynst hinn öflugasti kynbótagripur. Valið á Felix byggir á þeirri glimrandi góðu útkomu sem hann hlaut sem lambafaðir á heimabúi. Felix átti nokkur afburðagóð hrútsefni sem fram komu við skoðun í haust. Þar á meðal átti hann toppinn í hópi lambhrútanna á Brúnastöðum en sá hlaut 92 stig. Í gimbraskoðun átti Felix sterkasta hópinn en 18 dætur hans mældust að jafnaði með 35,4 mm þykkan bakvöðva og stiguðust upp á 9,0 fyrir frampart og 18,5 fyrir lærahold að jafnaði. Mun hann því eiga stærsta hlutdeild í ásetningslambahópnum á Brúnastöðum í haust og stór hópur afkvæma hans var síðan seldur til lífs. Má því segja að hann sé þegar búinn að skapa sér stöðu sem framtíðarkynbótahrútur. Kjötmatsniðurstöður eru til fyrir 13 afkvæmi. Meðalfallþungi þeirra var 19,4 kg, einkunn fyrir gerð 13,1 og einkunn fyrir fitu 7,6. Tveir aðrir heimahrútar fengu sambærilega ærhópa sl. vetur, sem voru blandaðir í aldri. Felix stóð efstur af þeim fyrir gerð en var rétt við meðaltal fyrir fallþunga og fitu.


Ríkey 22-585, móðir Felix, var einlembd gemlingsárið, tvílembd tvævetur, þrílembd þrevetur en tvílembd í vor. Afurðasemi og lambalán hefur vaxið með árunum og hefur hún verið að færast yfir í hóp afurðahæstu áa búsins. Hún stendur nú með 6,2 afurðastig fyrir þrjú fyrstu árin en árið 2026 er óuppgert.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%

Litaerfðir: Undan Felix fæddust eingöngu hvít lömb á heimabúi vorið 2026. Miklar líkur eru á því að Felix sé arfhreinn hvítur en í bakættum hans eru allmargir arfblendnir gripir, m.a. faðir hans Sandur 24-948.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 29/9 2025-48-106-33/4,0/4,5-8,0-9,0-9,5-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-9,0=89,0 stig.





26-852 VÍSIR

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal



R171

R171

F **BOLI 25-808 frá Skammadal 2**	FF **STERI 24-063 frá Ytri-Skógum**
	FM **21-117**
M **JÓRVÍSA 24-024**	MF **JÓR 23-931 frá Hesti**
	MM **GUTTAVÍSA 19-004**

MMF: Gutti 13-984

Lýsing: Hvítur, hyrndur með dökk horn og gott hornalag. Bollangur og breiðvaxinn hrútur með fádæma góða holdfyllingu í baki og á mölum.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á dindli og fótum. Örlítið um gul hár aftan til í reyfi. Toglengd í meðallagi og togið fremur gróft. Þelið þokkalega þykkt. Ullin svolítið styttri í baki en á síðum og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Vísir 26-852 er einn fjögurra sona Bola 25-808 frá Skammadal 2 sem teknir eru á stöð nú í vetur. Boli, faðir hans, kom nýr á stöð síðasta vetur af nýrri ættarlínu með ARR-genið og fékk feikilega mikla notkun síðasta vetur. Afkvæmi Bola reyndust vera þroskamikil við skoðun lamba í haust en aðeins breytileiki í gerð þeirra þó mörg eflingsafkvæmi hans hafi komið fram á sjónarsviðið.

Á Efri-Fitjum í Fitjárdal, þaðan sem Vísir kemur, er rekið eitt öflugasta sauðfjárræktarbú landsins þar sem markvisst ræktunarstarf og framúrskarandi afurðir hafa um árabil vakið verðskuldaða athygli. Búið var útnefnt sauðfjárræktarbú ársins 2025 og hefur skipað sér í fremstu röð á landsvísu, bæði fyrir afurðamagn og gerð sláturlamba.


Jórvísa 24-024, móðir Vísis, fer vel af stað með afurðir en hún var einlembd gemlingur og tvílembd í vor. Á móti Vísi var annar lambhrútur ekki síðri en hann sjálfur og var hann seldur á annað bú. Vísir 26-852 er því áhugaverður kostur fyrir þá sem vilja auka við ARR í sinni hjörð þar sem öll afkvæmi hans munu bera genið.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 6,25% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%"

Litaerfðir: Boli 25-808, faðir Vísis, var arfblendinn fyrir dökkum lit en gaf hvorki tvílit né mórauðan lit. Móðurætt er arfhrein fyrir hvítum lit. Það kemur í ljós næsta vor hvort Vísir hefur fengið genið fyrir dökkum lit frá föður sínum.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).

Mál og stigun: 30/9 2026-51-110-42/3,1/5,0-8,0-9,0-9,5-10,0-9,0-19,0-7,5-8,0-9,0=89,0 stig.



can-am







ENGIN FYRIRSTAÐA.

FRÁ SAUÐBURÐI TIL SMALAMENNSKU

Sauðburður á vorin, girðingarvinna á sumrin, smalamennska á haustin og gegningar allan ársins hring. Can-Am Outlander 6x6 er tilbúið í öll verk, alla daga ársins.

3 vélastærðir, 3 útfærslur, eins eða tveggja manna.

SKOÐA ÚRVALIÐ

ELLINGSEN


Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2026 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



26-853
KETILL

frá Kirkjubæjarklaustri II, Skaftárhreppi



R171 R171

F **ÁTTUNDI 25-806 frá Ásgarði**	FF **SANDUR 24-948 frá Hesti**
	FM **21-929**
M **HETJA 23-336**	MF **HORNSTEINN 22-901 frá Þernunesi**
	MM **MOLLA 16-689**

FMF: Búi 15-822; MMFF: Kölski 10-920

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag og ágætlega sívalan bol en mætti vera ögn breiðari um herðar. Ágætlega gerður og snotur hrútur. Rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið í meðallagi langt og slétt að mestu leyti, styttra í baki. Þelþykkt í meðallagi sem og ullarmagnið í heild.

Bakgrunnur: Ketill 26-853 er valinn á stöð þar sem hann er hreinhvítur arfhreinn ARR-hrútur, sonur Áttunda 25-806 frá Ásgarði. Áttundi stóð sig vel í haust og reyndist einn sterkasti lambafaðirinn af hyrndu ARR-hrútunum. Mörg lömb undan Áttunda voru bollöng og báru sterkan svip af honum. Meðaleinkunn afkvæma Áttunda fyrir gerð var 10,6, fyrir fitu 6,9 og fallþungi þeirra var 18,5 kg.


Móðir Ketils, Hetja 23-336, var geld sem gemlingur og síðan tvílembd. Tvævetur skilaði hún tveimur lömbum af fjalli, annað lambið var 21,1 kg og flokkaðist í U3 en hitt drapst um haustið. Í vor var hún tvílembd. Á móti Katli gekk hrútur sem var lógað í haust. Fallþungi hans var 17,2 kg og flokkaðist í U2. Hetja er með 5,0 afurðastig en óuppgerðar eru afurðir ársins 2026.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Faðir Ketils var arfblendinn hvítur og með erfðavísi fyrir tvílit en ekki móraurðum lit. Móðir hans hefur aðeins átt hvít afkvæmi. Það kemur í ljós næsta vor hvort Ketill reynist vera arfblendinn hvítur líkt og faðir hans.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR//ARR).


Mál og stigun: 17/9 2026-45-107-30/2,8/4,5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig.





26-854
GULLTEIGUR

frá Þorgautsstöðum 2, Hvítársíðu



R171

F **KÁRI 25-167**	FF **KARRI 24-953 frá Hreiðri**
	FM **LÍNA 21-876**
M **KIPPA 21-861**	MF **STAPI 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri II**
	MM **ALMA 20-823**

FMFF: Mjölnir 16-828, FMMF: Alur 13-975, MMF: Durtur 16-994, MMMF: Lási 13-985

Lýsing: Hvítur, hyrndur með fríðan haus og gott hornalag. Útlögumikill með breiðar og holdfylltar herðar. Mala- og lærahold úrvalsgóð. Föngulegur hrútur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Vel hvítur en aðeins smádröfnóttur á haus. Gul eða dökk hár fundust ekki í reyfi. Togið í meðallagi langt, fremur fínt og liðað. Þelþykkt í meðallagi. Ullin mjúk og ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Á Þorgautsstöðum 2 er ræktað bæði hyrnt og kollótt fé. Haustið 2024 kom fyrsti stöðvahrúturinn þaðan, Gautur 24-972, sem var kollóttur. Nú reynir fyrir sér hrútur úr hyrnda hluta hjarðarinnar sem Gullteigur 26-854 kallast. Faðir hans, Kári 25-167, tók þátt í afkvæmarannsókn á heimabúinu nú í haust. Þar var fallþungi sláturlamba hans 16,5 kg, gerðareinkunn 9,8 og einkunn fyrir fitu 6,0. Meðalfallþungi rannsóknarinnar 16,4 kg, gerð 9,4 og fita 5,7. Þrettán dætur Kára voru að meðaltali 38,4 kg. Þær mældust með 30,8 mm bakvöðva og fengu 4,2 fyrir lögun hans. Þær fengu að meðaltali 8,5 fyrir frampart og 17,6 fyrir læri. Alsystir Gullteigs var þeirra glæsilegust með 35 mm bakvöðva, ómfitu 2,8 og lögun 5. Hún fékk 9,5 fyrir frampart og 19,0 fyrir læri.


Móðir Gullteigs, Kippa 21-861, var einlembd gemlingur og drapst lambið síðsumars. Hún varð einlembd aftur sem tvævetla en síðan tvílembd. Hún er með 8,0 afurðastig fyrir fjögur ár. Tvær dætur hennar fæddar 2023 og 2024 virðast efnilegar afurðaær og eru með 7,1 og 6,8 afurðastig í haustuppgjöri 2026.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 3,13% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Kári 25-167, faðir Gullteigs, er arfblendinn hvítur og með erfðavísi fyrir tvílit. Móðir hans hefur eingöngu átt hvít afkvæmi. Það kemur því í ljós næsta vor hvort Gullteigur er arfblendinn hvítur líkt og faðir hans.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).


Mál og stigun: 17/9 2026-45-106-37/3,6/4,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-9,0=88,5 stig.





26-855
HROLLUR

frá Sölvabakka, Refasveit



H154

R171

F **BOLI 25-808 frá Skammadal 2**	FF **STERI 24-063 frá Ytri-Skógum**
	FM **21-117**
M **22-281**	MF **GUNNAR 20-087**
	MM **20-063**
MFFF: Börkur 13-952,	

Lýsing: Grár, hyrndur með gott hornalag. Langvaxinn, útlögumikill, bakbreiður og prýðilega holdfylltur. Þroskamikill og föngulegur gripur.

Ullarlýsing: Dökkgrár og litur jafn um allt reyfið. Toglengd góð og nokkuð jöfn en togið í grófara lagi. Þelið er þykkt og jafnt. Ullarmikill hrútur með góða gráa ull.

Bakgrunnur: Hrollur 26-855 er einn af fjórum sonum Bola 25-808 frá Skammadal 2 sem nú koma til þjónustu á sæðingastöðvunum. Boli stóð sig feiknavel sem lambafaðir, skilaði góðum niðurstöðum bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmati og var einkennandi hversu þroskamikil afkvæmi hans voru.

Að fá hér inn öfluga ARR-ættlínu af vestur-skaftfellsku kyni er kærkomið og flýtir fyrir innleiðingu þessarar verndandi genasamsætu. Hér gildir það sama og með innleiðingu ARR af Þernuneslínunni að æskilegt er að hafa kynslóðaskiptin hröð til að byrja með svo upphafshrútarnir verði ekki of fyrirferðarmiklir í ræktuninni til framtíðar.


Móðir Hrolls, 22-281, var einlembd gemlingur, síðan tvisvar tvílembd en einlembd nú í vor. Hrollur er því fæddur og genginn einlembingur. Móðir Hrolls hefur 5,2 afurðastig fyrir þrjú ár en haustuppgjöri 2026 er ólokið. Fjórum lömbum hefur verið slátrað undan henni og er meðalfallþungi þeirra 18,5 kg og einkunn fyrir gerð 12,0.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Hrollur er arfblendinn grár í A-sæti en hvort hann hefur erfðavísi fyrir mórauðum lit eða tvílit kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AHQ).

Mál og stigun: 28/9 2026-60-108-37/5,5/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-18,5-8,5-8,0-9,0=89,5 stig.







26-856
DROPI
frá Djúpadal, Blönduhlíð



H154
R171

F **SALÓMON 24-624**	FF **STEINN 23-926 frá Kaldbak**
	FM **20-624**
M **22-023**	MF **VIÐAR 17-844 frá Bergsstöðum**
	MM **14-803**


Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Breiðvaxinn og langur með góð mala- og lærahold. Þroskamikill og vörpulegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum. Gul hár fundust ekki en svartur blettur fannst framan til. Togið er langt og liðað en fremur gróft. Þelið er þykkt og fallegur gljái á ullinni. Ullarmikill hrútur.

Bakgrunnur: Frá Djúpadal í Skagafirði kemur nú hrútur á stöðvarnar í fyrsta sinn, Dropi 26-856. Hann er af ágætu afurðakyni en féð í Djúpadal á sér samfellda ræktunarsögu á búinu allt frá mæðuveikifjárskiptum. Sauðfjárrækt hefur löngum verið aðalbúgreinin á bænum og Djúpidalur um langt skeið verið meðal fjárflestu býla landsins.

Faðir Dropa, Salómon 24-624, var úrtökugóður einstaklingur sem hefur reynst öflugasti lambafaðir búsins síðustu tvö árin. Í haust átti hann upplýsingar um 59 sláturlömb, meðalfallþungi þeirra var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og einkunn fyrir fitu 7,0.

Móðir Dropa, 22-023, er dóttir hins merka hrúts Viðars 17-844 frá Bergsstöðum. Þar sem nú er hægt að arfgerðargreina gripi fyrir bógkreppu er aftur kominn grundvöllur til að framrækta þessa ættlínu og hefur verið staðfest að Dropi, líkt og aðrir hrútar í skránni, er án erfðagallans. 22-023 var einlembd gemlingur og skilaði þá um haustið rígvænu lambi. Hún var síðan tvílembd tvisvar en einlembd í vor og er með 6,1 afurðastig en ólokið er uppgjöri fyrir 2026.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 12,5%


Litaerfðir: Dropi er arfblendinn fyrir dökkum lit enda faðir hans svartur á litinn. Móðir hans hefur átt tvílitt lamb og það kemur í ljós næsta vor hvort hann hefur fengið þann erfðavísi frá móður sinni.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR/AHQ).

Mál og stigun: 18/9 2026-57-110-37/4,6/4,5-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,5 stig.



26-857
FLOSI
frá Svínafelli 2 Víðihlíð, Öræfum



H154
R171

F **HÁFUR 25-809 frá Háafelli**	FF **PJAKKUR 24-325**
	FM **20-037**
M **GLÁKA 24-499**	MF **KULDI 23-495**
	MM **LOTTÓ 19-971**
MFFF: Snar 18-846, MMFF og MMMF: Danni 12-923	


Lýsing: Hvítur, sverhyrndur. Þroskamikill og langvaxinn hrútur með góða holdfyllingu en aðeins grófgerður. Myndarlegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Vel hvítur. Dökk hár finnast á mölum. Toglengd í meðallagi og togið slétt. Þelið fremur þykkt. Ullin svolítið styttri í baki en á síðum, en ullarmagn samt í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Flosi 26-857 er valinn á stöð sem einn af álitlegustu sonum Háfs 25-809 frá Háafelli. Hann er því ARR-hrútur af Dalalínu. Lömbin undan Háfi voru býsna breytileg að gerð í haust. Flosi er feikilega mikið lamb, mun öflugri einstaklingur en Háfur og því standa vonir til þess að hann verði föðurbetrungur sem lambafaðir.

Móðir Flosa, Gláka 24-499, átti eina gimbur gemlingsárið og var tvílembd í ár. Öll lömbin undan henni eru ásett og er Gláka ung og efnileg ær með gott kynbótamat fyrir alla þætti. Hún er með 5,4 í afurðastig fyrir eitt ár.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%



Litaerfðir: Háfur 25-809, faðir Flosa, gaf eingöngu hvít lömb og móðir hans hefur aðeins átt hvít lömb en ekki er hægt að fullyrða um litaerfðir hennar því Lottó 19-971 var arfblendinn fyrir dökkum lit og tvílit. Hvort Flosi hefur fengið einhver gen frá ömmu sinni kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR/AHQ).

Mál og stigun: 28/9 2026-58-112-36/4,5/4,5-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.



Ifor Williams Trailers







KERRUR OG VARHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI


VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



26-858 FENGUR

frá Skammadal 2, Mýrdal



R171

F **FANTUR 25-075**	FF **REITUR 24-062**
	FM **24-424**
M **23-327**	MF **JÖKULL 21-051**
	MM **20-027**

FFF: Þór 21-896, FMF: Jaður 20-891, MFFF: Glæpon 17-809, MMFF: Kölski 10-920. FM: 24-424 er sammæðra Magna 25-818.


Lýsing: Hvítur, hyrndur. Prýðilega holdfylltur og snyrtilegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og ljósgulur á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið í meðallagi langt, slétt í síðum en hrokknara á baki. Þelið í meðallagi þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Fengur 26-858 er þriðji hrúturinn sem fenginn er á sæðingastöð frá Skammadal 2. Hann er með vestur-skaftfellsku ARR-genasamsætuna líkt og Boli 25-808 og Magni 25-818. Föðurmóðir Fengs, 24-424, er sammæðra Magna. Faðir Fengs, Fantur 25-075, skilaði góðum lömbum í Skammadal í haust. Fallþungi afkvæma Fants var 19,0 kg að meðaltali, einkunn fyrir gerð 10,6 og fyrir fitu 7,0. Ásettir eru tveir lambhrútar auk Fengs og 11 gimbrar.

Móðir Fengs, 23-327, átti eitt lamb gemlingsárið. Það fæddist dautt en hún fóstraði annað lamb og skilaði því vænu af fjalli en það vóg 18,7 kg í sláturhúsi. Ærin var síðan tvílembd tvævetlan og tvílembd í ár. Hún er mjólkurlagin og hefur skilað að meðaltali 22,5 kg falli, einkunn fyrir gerð er 12,0 og fyrir fitu 8,3. Hún er með 6,6 í afurðastig fyrir tvö ár.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%



Litaerfðir: Faðir Fengs, Fantur, var arfblendinn fyrir golsóttum lit. Móðir Fengs hefur aðeins átt hvít lömb en amma hans var arfblendin. Það kemur því í ljós hvort Fengur hefur fengið golsótta genið frá föður sínum eða mögulega eitthvað annað gegnum móðurættina.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 1/10 2026-50-106-34/3,8/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=85,5 stig.



26-859 SKOLLAFÓTUR

frá Ytri-Bægisá 2, Hörgárdal



N138

R171

F **ÞRJÓTUR 25-052 frá Þúfnavöllum 2**	FF **PÁFI 24-042**
	FM **EGGJA 24-458**
M **20-022**	MF **TOMMI 19-705 frá Þúfnavöllum 2**
	MM **13-324**

FFF: Kraftur 19-883, FMF: Styrmir 23-930, MMFF: Kveikur 05-965


Lýsing: Mórauður, hyrndur. Þéttvaxinn hrútur með afar góð mala- og lærahold. Hnellin og harðholda kind.

Ullarlýsing: Toglengd góð og jöfn yfir allt reyfið. Þelið nokkuð þykkt og ullin mjúk. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Bakgrunnur: Skollafótur 26-859 mun vera fyrsti stöðvahrúturinn sem kemur frá Ytri-Bægisá 2 en þar hefur verið staðið vel að ræktunarstarfi um árabil. Þrjótur 25-052 á Þúfnavöllum 2, faðir Skollafótar, vakti athygli síðastliðinn vetur sem mórauður hyrndur hrútur með ARR. Hann var fyrst og fremst notaður heima á Þúfnavöllum en lánaður í nokkra daga um fengitímann að Ytri-Bægisá 2. Fallþungi sláturlamba undan honum á Þúfnavöllum nú í haust var 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,0 og fyrir fitu 5,7. Á báðum bæjum sýndi hann nokkra yfirburði í fallþunga.

Móðir Skollafótar, 20-022, var einlembd gemlingur en hefur síðan komið tvílembd. Hún hefur 6,4 afurðastig fyrir fimm ár og hefur skilað öllum sínum lömbum til nytja. Fimm af níu sláturlömbum undan henni hafa flokkast í E. Haustuppgjör fyrir 2026 liggur ekki fyrir.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 3,13% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%



Litaerfðir: Sem mórauð kind gefur Skollafótur alla grunnliti. Faðir hans hefur einnig gefið tvílit og það kemur því í ljós næsta vor hvort hann hefur einnig fengið það gen frá föður sínum.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og lítið næmar arfgerðir, arfblendinn ($ARR//AN_{138}RQ$).

Mál og stigun: 6/10 2026-43-104-32/3,1/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=86,5 stig.



26-860 GALDUR

frá Syðra-Velli, Flóa



C151 R171


F **BALDUR 25-051**	FF **FALDUR 23-937 frá Ytri-Skógum**
	FM **REFSING 20-289**
M **LUKKA 25-400**	MF **PÁLMI 24-946 frá Kiðafelli**
	MM **DRÖFN 23-348**
FMF: Glæpon 17-809, MMFF: Lómi 15-867	

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Lang- og mjög jafnvaxinn með öflug mala- og lærahold.

Ullarlýsing: Örlítið svartdröfnóttur á haus en að öðru leyti vel hvítur. Dökk hár finnast aftan til í reyfi. Togið er stutt og strítt, heldur lengra framan til. Þelþykkt í meðallagi. Ullin er dálítið gróf og ullarmagn undir meðallagi.

Bakgrunnur: Á Syðra-Velli í Flóa hefur um langt árabil verið stunduð metnaðarfull sauðfjárrækt þó hjörðin sé ekki stór. Þar hefur Jón Gunnþór Þorsteinsson lagt mikla rækt við íslensku sauðkindina og m.a. haldið við myndarlegum stofni forystufjár. Afurðir búsins hafa verið góðar undanfarin ár og við skoðun lambhrúta haustið 2026 kom þar fram sérlega álitlegur hrútur sem falaður var til notkunar á sæðingastöð. Galdur 26-860 er bæði með ARR-genið og breytileika fyrir C151 sem hann fær frá afa sínum, Faldi 23-937. Baldur, faðir hans, átti rúm 20 sláturlömb á Syðra-Velli í haust og voru þau 19 kg að meðaltali, gerð 10,3 og fita 7,1. Þær tölur eru rétt við meðaltal búsins fyrir alla þætti (ófrágengið uppgjör).

ARR-genið fær Galdur frá móðurföður sínum, Pálma 24-946, og er annar tveggja hrúta á sæðingastöð sem er þannig ættaður en dætur Pálma virðast fara vel af stað sem afurðaær. Galdur er fyrsta lamb móður sinnar og gefur góð fyrirheit um hana sem afurðakind. Það verður spennandi að sjá hvort Galdri tekst að töfra fram afkvæmi sem líkjast honum sem einstakling á næsta ári.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 3,13% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Faðir Galdurs, Baldur 25-051, var arfblendinn fyrir gráum lit og í móðurættinni eru einnig arfblendnar kindur. Það kemur því í ljós næsta vor hvort Galdur er arfblendinn og gefi fleira en hvít afkvæmi.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (ARR//AC_{151}RQ).

Mál og stigun: 30/9 2026-56-109-35/4,5/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,0-7,5-8,0-9,0=88,0 stig.



26-861 VARGUR

frá Vagnbrekku, Mývatnssveit



C151 T137


F **KÓNGUR 25-004**	FF **HRÓKUR 24-960 frá Brúnastöðum**
	FM **MYRRA 23-316**
M **SNEGLA 25-504**	MF **FALDUR 23-937 frá Ytri-Skógum**
	MM **SNARA 20-008**
FMFF: Viðar 17-844, MMFF: Saumur 12-915, MMMF: Jóker 12-924	

Lýsing: Hvítur, fremur gleiðhyrndur með gott hornalag. Bollengd er í tæpu meðallagi en breiðvaxinn hrútur og sívalur. Malir mjög breiðar og lærvöðvi vel lagaður. Gerðarlegur gripur.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, á dindli og fótum en gul hár finnast vart í reyfi. Togið er í meðallagi langt og fremur slétt, þelið í þynnra lagi. Ullin svolítið stutt í baki og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Bakgrunnur: Vargur 26-861 kemur frá Vagnbrekku í Mývatnssveit og í honum sameinast tveir helstu lambafeður sæðingastöðvanna síðustu tvö ár þegar horft er til skrokkgæðaeiginleika, þ.e. Faldur 23-937 frá Ytri-Skógum og Hrókur 24-960 frá Brúnastöðum. Vargur fékk jafnframt mögulega verndandi arfgerðir frá báðum þessum hrútum og ber því bæði breytileikana T137 og C151. Afkvæmi hans munu fá annan hvorn í arf frá honum. Það sem einkennir hjörðina í Vagnbrekku og fleiri bú í Mývatnssveit er feikilega góð gerð afkvæma við lítinn þunga en Kóngur 25-004, faðir Vargs, stóð langefstur í kjötmati sláturlamba þar á bæ í haust. Undan honum fóru 35 lömb í slátrun, fallþungi þeirra var 15,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og einkunn fyrir fitu 5,5. Meðaltal búsins fyrir fallþunga var 15,3 kg, 10,3 fyrir gerð og 5,5 fyrir fitu.

Vargur er áhugaverð viðbót við úrval hrúta á sæðingastöð og verður fróðlegt að sjá hvort honum takist að fylgja eftir þeim miklu skrokkgæðum sem einkenna ýmsa forfeður hans.



Snegla 25-504, móðir hans, var tvílembd í vor en gekk aðeins með Varg. Lambið á móti gekk undir annarri kind og var sett á sem lífgimbur. Snegla fékk 6,4 afurðastig fyrir fyrsta árið sitt.

Litaerfðir: Undan Kóng 25-004, föður hans, komu eingöngu hvít lömb í Vagnbrekku í vor. Í fyrstu liðum í móðurætt eru mikið til arfhreinar hvítar kindur svo líklega er Vargur arfhreinn hvítur en það kemur betur í ljós næsta vor.


PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn (AT_{137}RQ //AC_{151}RQ).

Mál og stigun: 15/9 2026-38-105-32/2,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,5-8,0-8,0-8,0=87,0 stig.



24-983 KÚTUR

frá Hjarðarfelli 2, Snæfellsnesi



R171

C151

F HREINN 23-920 frá Þernunesi	FF SVENNI 22-203
	FM 22-216
M 21-150	MF SELUR 17-862 frá Hraunhálsi
	MM 13-304
MMFF: Kjói 04-816	

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Gríðarlega holdfylltar herðar, sívalur brjóstkassi og vel lagaður lærvöðvi. Mjög þéttvaxin og gerðarleg kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið liðað og fremur fínt en ekki langt. Þykkt og mikið þel. Ullarmikill og ullargóður hrútur.

Reynsla: Kútur 24-983 kom á sæðingastöð haustið 2025. Kútur fékk ágæta notkun en 122 lambhrútar og 180 gimbrar undan honum skiluðu sér í dóm samkvæmt Fjárvísi. Hann gaf góða bakvöðvaþykkt, jafnvaxin og falleg lömb með öflugan afturpart og góða ull. Góð gerð kom einnig fram í þeim lömbum sem enduðu í sláturhúsi. Fallþungi afkvæma hans var 18,3 kg, gerðareinkunn 10,5 og fituein kunn 7,2. Rúm 18% flokkast í E og 49% í U. Helmingur lamba undan honum flokkast í fituflokk 3 en ekki er hægt flokka þennan hrút sem fituleysishrút. Líkt og kynbótamatið gefur til kynna er Kútur álitlegur alhliða hrútur þar sem góð gerð og mjólkurlagni dætra gætu orðið höfuðkostir afkvæma hans.

Kútur á 5 dætur á heimabúi og tvær gimbrar voru seldar síðastliðið haust. Dæturnar áttu 1,3 lömb í vor (3 tvílembdar, 3 einlembdar og 1 geld). Þessar sex skiluðu allar lömbum í haust, vænum og vel gerðum.


Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%

Litaerfðir: Kútur er arfblendinn fyrir gráum lit og tvílit.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, arfblendinn ($AC_{151}RQ//ARR$).

Mál og stigun: 23/9 2024-50-106-32/4,5/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-17,5-9,0-8,0-8,5=87,0 stig.


Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	122
Þungi	46,5
Fótleggur	108,2
Læri	17,9
Ull	8,4
Ómvöðvi	32,9
Ómfita	4,0
Lögun	4,2





25-823 MÖRÐUR

frá Möðruvöllum 2, Hörgárdal



T137

F PÚKI 24-733	FF FASTUS 23-941 frá Möðruvöllum 2
	FM PARÍS 21-001
M GJÓSKA 21-006	MF DÚI 20-607
	MM SKRÍTLA 14-256 frá Brekknakoti
MFFF: Móri 13-982, MFMF: Radix 10-931	

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Ákaflega jafn- og breiðvaxinn og prýðilega gerður hrútur á alla kanta.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með svarta dropa á eyrum og vörum. Togið meðalfínt, toglengd góð og jöfn um allt reyfið. Þelið fremur þykkt. Góð og mikil ull.

Reynsla: Mörður 25-823 kom á sæðingastöð haustið 2025. Hann fékk þokkalega notkun og samkvæmt Fjárvísi voru dæmdir 57 lambhrútar og 88 gimbrar undan honum. Lömb undan Merði eru að jafnaði lágfætt, rétt undir meðaltali í þunga á fæti, vel gerð með þykkan og vel lagaðan bakvöðva og öflug mala- og lærahold. Mörður var í þriðja sæti í heildarstigum af kollóttu hrútunum ásamt Ísak 25-821 með 85,7 stig að meðaltali. Þá skilar Mörður góðri ull. Samkvæmt sláturmati er fall afkvæma hans 18,9 kg að meðaltali, gerðareinkunn 11,0 og fituein kunn 7,2. Lömbin flokkuðust 16% í E, 60% í U og helmingur flokkaðist í fituflokk 3. Líkt og þessar niðurstöður gefa til kynna skipar Mörður sér í fremstu röð meðal þeirra kollóttu hrúta sem voru á stöðvunum síðasta vetur. Hann stendur sterkur í kynbótamati og er bráðefnilegur alhliðahrútur.


Móðir Marðar, Gjóska 21-006, bar einu lambi veturgömul, var tvisvar tvílembd og einu sinni þrílembd. Hún mjólkaði vel og var með 6,7 afurðastig. Hún var felld haustið 2025, langt fyrir aldur fram, vegna áverka á fæti.

Litaerfðir: Mörður er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt en erfir ekki mórauðan lit.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Mögulega verndandi arfgerð, arfblendinn (AT137 RQ/ARQ).

Mál og stigun: 24/9 2025-56-108-32/4,6/4,5-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2026
Fjöldi	57
Þungi	47,7
Fótleggur	108,0
Læri	18,0
Ull	8,4
Ómvöðvi	31,8
Ómfita	3,4
Lögun	4,4




Allt fyrir
fjármálastjórann
Fjármál og tryggingar í einu teymi



25-840 VÍFILL

frá Kambi, Reykhólasveit



R171

F VÖRÐUR 23-940 frá Vífilsdal	FF TÓNN 18-855 frá Melum 1
	FM GULLBRÁ 16-189
M LÝSA 19-901	MF GOÐI 16-275
	MM LÝSA 11-091
MFF: Kollur 15-983	


Lýsing: Hvítur, kollóttur. Lang- og breiðvaxinn með góða holdfyllingu, einkum í afturparti. Prúð og falleg kind. Fótleggur í október 2026 120 mm.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt og liðað og þelið fremur þykkt. Ullarmikill hrútur með góða ull.

Reynsla: Vífill 25-840 var fenginn í hóp stöðvahrúta haustið 2026. Vífill er einn af bestu sonum Varðar 23-940 frá Vífilsdal og er því góður valkostur til að fá ARR inn í kollótta stofninn um aðra gátt en í gegnum Þernuneshrútana Gimstein 21-899 eða Gullmola 22-902. Vífill er vel gerður gripur sem stóð sig prýðilega sem lambafaðir á Kambi í haust. Hann var annar tveggja hrúta á búinu sem voru eingöngu notaðir á gemlinga. Fallþungi var að meðaltali sá sami hjá þeim báðum en gerðin betri í afkvæmahópi Vífils. Sláturupplýsingar liggja fyrir um 30 afkvæmi hans, meðalfallþungi þeirra var 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og einkunn fyrir fitu 7,1.

Lýsa 19-901, móðir Vífils, var tvílembd gemlingur og fimm sinnum eftir það en í vor var hún einlembd. Hún er með 6,3 afurðastig. Árið 2026 er óuppgert.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 0%



Litaerfðir: Vífill er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.


PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR/ARQ).

Mál og stigun: 30/9 2025-58-109-36/4,8/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=87,0 stig.



26-869 OSSI

frá Melum 1, Árneshreppi



R171

R171

F GARPUR 25-406	FF JAKI 24-370
	FM KEMPA 15-408 frá Bassastöðum
M LILJA 24-615	MF MARRI 23-355 frá Heydalsá 1
	MM ORÐA 22-469
FFF: Steinn 23-926, MFF: Gimsteinn 21-899, MFMF: Reykur 14-812, MMFF: Glæsir 19-887	


Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Prýðilega holdfylltur og þéttvaxinn með sterkan afturpart. Prúð og falleg kind.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur langt, jafnt og mjúkt. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Garpur 25-406, faðir Ossa 26-869, átti allstóran lambahóp heima á Melum og skilaði glæsilegum sláturniðurstöðum. Í kjötmatsuppgjöri er fallþungi afkvæma hans 21,6 kg, einkunn fyrir gerð 13,2 og fitu 8,4. Garpur er samfeðra stöðvahrútnum Fána 25-831 sem nú er sinn annan vetur á stöð. Jaki 24-370, faðir þeirra, hefur reynst gríðarlega öflugur lambafaðir. Í haust áttu Jaki og fjórir synir hans sviðið þegar horft er til niðurstaðna fyrir gerð sláturlamba heima á Melum og raða sér í efstu sætin.

Lilja 24-615, móðir Ossa, var tvílembd gemlingur og gekk með bæði lömbin. Í vor var hún tvílembd og skilaði vel af sér Ossa og systur hans sem var valin til ásetnings. Lilja var með 5,1 í afurðastig fyrir síðasta ár en haustuppgjör 2026 liggur ekki fyrir.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%



Litaerfðir: Garpur, faðir Ossa, er arfblendinn hvítur, gefur dökka liti og tvílit en líklega ekki mórautt. Sama er uppi á teningnum hjá Marra 23-355, móðurföður Ossa. Það er því einhver möguleiki á að Ossi geti gefið liti en það kemur allt í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR/ARR).

Mál og stigun: 21/9 2026-53-110-33/4,6/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,5 stig.



NÝR

26-870 ÞRÓTTUR

frá Kambi, Reykhólasveit



R171 R171

F VORBOÐI 25-827 frá Hraunhálsi	FF ÓSMANN 24-968 frá Ríp I
	FM VORSÓL 23-382
M ÞRAUT 25-530	MF VÖRÐUR 23-940 frá Vífilsdal
	MM GÁTA 22-232


Lýsing: Hvítur, kollóttur. Breiðvaxinn hrútur með sívalan og holdfylltan bol. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi vel. Gerðarlegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Búið var að rýja hrútinn áður en hann var seldur til stöðvanna svo frekari lýsing á ullargæðum bíður betri tíma.

Bakgrunnur: Þróttur 26-870 er arfhreinn gagnvart ARR líkt og faðir hans Vorboði 25-827. Vorboði var mikið notaður síðasta vetur og skilaði dágóðum niðurstöðum bæði í mati á lifandi lömbum og í sláturhúsi. Afkvæmi hans voru þroskamikil, vel gerð en heldur í feitari kantinum með bakvöðvaþykkt í meðallagi. Í Þrótti sameinast uppsprettur ARR frá Þernunesi og úr Dölunum. Þar koma saman þeir Gimsteinn 21-899, Gullmoli 22-902 og Vörður 23-940 í þróttmikilli blöndu á móti Kambsfénu.

Þraut 25-530, móðir Þróttar, var einlembd nú í vor og skilaði Þrótti af sér með sóma. Móðir Þrautar, Gáta 22-232, lét fangi sem gemlingur en hefur síðan verið tvílembd. Hún er með 5,9 afurðastig fyrir tvö ár en haustuppgjör fyrir 2026 liggur ekki fyrir.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%



Litaerfðir: Vorboði 25-827, faðir Þróttar, var arfhreinn hvítur en Vörður 23-940 móðurfaðir hans hins vegar arfblendinn hvítur, gaf dökka liti og tvílit. Það er því aðeins möguleiki á að Þróttur geti gefið liti en það kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR/ARR).


Mál og stigun: 17/9 2026-50-108-34/2,6/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=88,5 stig.



NÝR

26-871 SEGULL

frá Hesti, Borgarfirði



R171 R171

F LEVÍ 25-832 frá Hófgerði	FF ALVÍS 24-969 frá Kjarna
	FM VAKA 21-114
M 24-429	MF STEINN 23-926 frá Kaldbak
	MM 22-092
MMMF: Glæpon 17-809	


Lýsing: Hvítur, smáhnýflóttur. Múraður holdum hvar sem á honum er tekið. Samanrekin kostakind.

Ullarlýsing: Gulur á afturfótum og ljósgulur á dindli. Gul hár finnast aftan til í reyfi. Togið fremur slétt og í meðallagi langt. Þelþykkt í meðallagi. Ullin styttri í baki en í síðum og ullarmagn í tæpu meðalagi.

Bakgrunnur: Segull 26-871 er einn af þremur sonum Levís 25-832 sem tekinn var á stöð í haust. Leví reyndist afburða lambafaðir og skilur mikið eftir sig af góðum gripum þrátt fyrir stutt stopp hans á sæðingastöðvunum. Nánar má lesa um Leví í umfjöllunum um Hólma 26-866 og Bent 26-863, hér í skránni.

Móðir Seguls, 24-429, var geld gemlingur en tvílembd nú í vor og kom heim í haust með tvo stórglæsilega hrúta sem báðir eru arfhreinir fyrir ARR-samsætunni. Albróðir Seguls verður ásetningshrútur á Hesti. Móðurmóðir Seguls er svartbotnótt hyrnd ær sem hefur staðið sig feikivel til þessa. Hún er með 8,2 afurðastig fyrir þrjú ár en uppgjör fyrir árið 2026 liggur ekki fyrir.

Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 18,75%



Litaerfðir: Segull er arfblendinn fyrir dökkum lit, en móðir hans er svört að lit.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR/ARR).

Mál og stigun: 24/9 2026-54-105-35/3,0/4,5-7,5-9,0-9,0-9,0-9,0-19,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.



26-872 HÚNI

frá Ytra-Hóli 1, Húnabyggð



R171
R171

F **ÍSAK 25-821 frá Grafarkoti**	FF **TOPPUR 24-974 frá Hófgerði**
	FM **24-404**
M **FET 25-833**	MF **FEYKIR 24-949 frá Oddsstöðum**
	MM **KOT 19-068**
MMFF: Krapi 13-940, MMMF:Tinni 15-968	


Lýsing: Hvítur, smáhnýflóttur. Afar útlögumikill og bringubreiður. Skrokkmikill og bollangur en jafnframt kattlágfættur og þéttvaxinn. Jötunvænn og kostamikill hrútur.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á eyrum og örlítið gulur á dindli og fótum. Dálítið finnst af dökkum hárum í reyfi. Togið er stutt og slétt en þelið fremur þykkt og ullarmagn í meðallagi.

Bakgrunnur: Húni 26-872 kemur frá Ytra-Hóli 1 í fyrrum Vindhælishreppi en bændur þar, þau Björn Þormóður og Dagný, hlutu verðlaun á fagfundi sauðfjárræktarinnar síðasta vor fyrir góðan árangur í ræktun gegn riðu í flokki annarra búa í áhættuhólfum. Á Ytra-Hóli er meðalstórt fjárbú og hefur ræktunarstarf verið stundað af kappi um langt skeið. Húni er fyrsti hrútur sem þaðan kemur á sæðingastöð.

Húni er arfhreinn gagnvart ARR eins og Ísak 25-821, faðir hans, var. Ísak fékk mikla notkun í sæðingum síðastliðinn vetur og skilaði prýðilegum niðurstöðum. Dæmdir synir hans voru í þriðja sæti í heildarstigum af sonum kollóttu stöðvahrútanna ásamt sonum Marðar 25-823, með 85,7 stig að meðaltali. Áberandi var hve mörg afkvæma Ísaks voru feikilega þroskamikil eins og Húni er lýsandi dæmi um.

Móðir Húna, Fet 25-833, er aðeins veturgömul. Húni er hennar fyrsta lamb og hefur hún komið honum til óvenju mikils þroska af svo ungri á að vera. Móðir hennar, Kot 19-068, var einlembd sem gemlingur en hefur síðan verið tvílembd þar til í vor að hún kom einlembd úr sæðingum. Hún hefur 6,5 afurðastig fyrir sex ár.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Mestar líkur eru á að Húni reynist arfhreinn hvítur.


PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfhreinn (ARR/ARR).

Mál og stigun: 5/10 2026-66-106-38/5,7/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-19,0-8,0-8,0-9,5=90,0 stig.



26-873 APPOLÓ

frá Heydalsá 1, Tungusveit



R171

F **KÖLSKI 25-104**	FF **ÓFEIGUR 24-973 frá Heydalsá 1**
	FM **21-986**
M **23-358 B**	MF **DRÓNI 22-016**
	MM **20-070 B**
FMFF: Móri 13-982	

Lýsing: Svartur, kollóttur. Breiðvaxinn með úrvalsgóða vöðvafyllingu hvar sem á honum er tekið. Mala- og lærahold eru einstaklega góð. Langvaxinn glæsigripur.


Ullarlýsing: Togið er aðeins móleitt á köflum og nokkuð jafnt að lengd um allt reyfið. Þelið fremur þykkt. Ullin mikil, mjúk og falleg.

Bakgrunnur: Appoló 26-873 kemur úr ræktun þeirra Ragnars og Sigríðar á Heydalsá 1 í Tungusveit. Þar var stór hópur lamba skoðaður í haust líkt og flest önnur ár og er Appoló eitt topplambanna sem þar kom fram á sjónarsviðið. Afi hans, Ófeigur 24-973, kom frá sama búi á sæðingastöð fyrir tveimur árum.

Móðir hans, 23-358, er undan kind úr ræktun Jóns og Ernu á Broddanesi og Dróna 22-016 sem var frá Ingólfi í Árnesi 2 í Árneshreppi. Faðir Dróna, Nasi 18-263, sýndi fádæmagóða gerð í afkvæmum sínum og er hún sterk í afkomendum hans sem má finna á allmörgum fjárbúum gegnum líflambasölu.

Afkvæmi Kölska 25-104, föður Appolós, voru þó heldur undir meðaltali í gerð í sláturniðurstöðum lamba frá Heydalsá núna í haust en allstór hópur lamba var settur á eða seldur frá búinu.

Móðir Appolós, 23-358, var tvílembd gemlingur og síðan tvisvar eftir það. Öll afkvæmi hennar hafa ýmist verið sett á eða seld frá búinu svo hún fer vel af stað sem afurðakind og hefur 8,0 afurðastig. Haustuppgjöri 2026 er ólokið.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 0% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Appoló er svartur og gefur því flesta grunnliti bjóði móðurætt upp á slíkt. Undan föður hans komu mórauð lömb síðasta vor og móðir hans hefur átt tvílit lömb. Hvort hann býr yfir þeim eiginleikum kemur í ljós næsta vor.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR/ARQ).

Mál og stigun: 15/9 2026-49-107-35/2,9/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-19,5-8,5-8,0-9,0=89,5 stig.

ÍSLENSKT FÓÐUR
FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ



FJÖLBREYTT ÚRVAL FYRIR FENGITÍMANN!
Kíktu á úrvalið á www.fodur.is

Milljónablanda
Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með próteinsnauðu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma. Inniheldur selen og mikið af bætiefnum.



Sauðfjárblanda
Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jutraafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Lambakögglar
Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm kögglar.





LIFELINE - Lömb og ær
LIFELINE - Lömb og ær steinefnastampurinn er einstakur að sinni gerð þar sem samsetningu hans er ætlað að tryggja sem best heilbrigði ófæddra lamba og lambánna um leið.

Óerfðabreytt.

FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND



26-874 FAGRIDALUR

frá Fagranesi, Langadal



R171

F ELDJÁRN 25-204 frá Reykhólum	FF STEINDI 24-971frá Máfahlíð
	FM 21-139
M VENDING 25-148	MF BOLI 23-110 frá Árbæ
	MM GOLA 23-036

MFF: Gimsteinn 21-899, MMF: Kústur 19-889, MMMF:Viddi 16-820


Lýsing: Mórauður, kollóttur. Bolur sívalur en í meðallagi víður. Prýðilega holdfylltur og jafnvaxinn hrútur.

Ullarlýsing: Mórauði liturinn er nokkuð jafn en svolítið um ljós hár framan til en ullin hreinlitari og ögn dekkri aftan til. Toglengd er mjög jöfn um allt reyfið og togið fallega liðað. Þelið er þykkt. Ullarmikill og ullargóður hrútur.

Bakgrunnur: Fagridalur 26-874 mun vera fyrsti mórauði kollótti hrúturinn sem á stöðvarnar kemur sem ber ARR og mun jafnframt vera fyrstur hrúta frá Fagranesi til að birtast í hrútaskránni. Í Fagranesi er rekið myndarlegt fjárbú þar sem rík áhersla er lögð á litafjölbreytni samhliða almennum kynbótum.

Faðir Fagradals, Eldjárn 25-204, er kaupahrútur úr ræktun Tómasar Sigurgeirssonar á Reykhólum. Hann er út af mórauðu fé af heimakyni en einnig má rekja ættir hans í Smyril 04-800 frá Smyrlabjörgum sem er allstór ættfaðir mórauða fjárins. Upplýsingar liggja fyrir um 38 sláturlömb undan Eldjárni. Meðalfallþungi þeirra er 18,2 kg, einkunn fyrir gerð 10,8 og fyrir fitu 6,8. Hann er vel yfir búsmeðaltali fyrir bæði fallþunga og gerð en fita við meðaltal.

Móðir Fagradals, Vending 25-148, er dóttir Bola 23-110 frá Árbæ en sá hrútur hefur reynst sterkur lambafaðir í Fagranesi. Fagridalur er frumburður Vendingar, fæddur gemlingseinlembingur sem hún skilaði síðan afar vel framgengnum í haust. Móðir Vendingar er einnig ung að árum en hefur staðið sig vel sem afurðaær og hefur 5,6 afurðastig. Uppgjöri er ólokið fyrir 2026.



Erfðaframlag Gimsteins 21-899: 12,5% / Erfðaframlag Gullmola 22-902: 6,25%

Litaerfðir: Sem mórauð kind gefur Fagridalur alla grunnliti. Faðir hans hefur einnig gefið tvílit og það kemur því í ljós næsta vor hvort hann hefur einnig fengið það gen frá föður sínum.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR/ARQ).

Mál og stigun: 21/9 2026-54-106-38/3,5/4,5-8,0-9,0-8,5-9,5-9,5-18,5-8,5-8,0-9,0=88,5 stig.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is

RML
Við sérhæfum okkur í þínni starfsemi

Þekking og ráðgjöf í þína þágu

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Starfsemi okkar nær til alls landsins og starfsstöðvar okkar eru 12 talsins. Meðal þess sem við veitum ráðgjöf í er:

- Búfjárrækt
- Búrekstur
- Bútækni
- Fóðrun
- Garðyrkja
- Heyverkun
- Jarðrækt
- Landnýting
- Umhverfis- og loftslagsmál

Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjárvís – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparækt
- Heiðrún- skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur- skýrsluhald í hrossarækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt

RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé. Við sjáum um:

- Kúaskoðanir
- Lambadóma
- Hrossadóma


Leitaðu ráða hjá RML

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búrekstrinum
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurða
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu
- Ef þú átt jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu
- Ef þú ert að hefja búskap eða breyta um búskaparform
- Ef þú vilt bæta reksturinn eða byggja nýtt
- Varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði





26-876
FELDUR
frá Melhóli, Meðallandi



R171

F 24-212	FF MÓÐI 23-921 frá Þernunesi	
	FM 18-846	
M 24-431	MF 21-247	
	MM 20-030	
FMFF: Lobbi 09-939, MFFF: Brúsi 18-881		





Lýsing: Dökkgrár, kollóttur.

Ullarlýsing: Mjög jafn grár litur. Lokkun toghára mjög góð um nær allan feldinn og lokkurinn sterkur og nær vel inn að björ. Ullin er þellítil sem er kostur við feldræktun og togið fínt og mjúkt. Þéttleiki frábær.

Felddómur 25/9 2026

Hreinleiki litar	Lokkun og dreifing	Lokkurinn	Gljái	Háragæði	Toghárагæði	Þéttleiki	Heildareinkunn
5	5	5	4	4	4	5	32

Bakgrunnur: Feldur 26-876 er fyrsti hrúturinn af feldfjárkyni sem ber hina verndandi arfgerð sem felst í ARR og því eiga nú ákveðin tímamót sér stað í feldfjárræktinni. Það var hinn gráflekkótti Móði 23-921 frá Þernunesi sem fékk það hlutverk að leiða ARR inn í ræktun feldfjárins. Með honum kemur jafnframt inn óskylt blóð. Þó Feldur sé aðeins 75% af feldfjárættum þóttu feldgæði hans það mikil að ástæðulaust væri að bíða lengur með það að bjóða feldhrút með ARR á sæðingastöð. Feldgæði hans eru raunar frábær eins og felddómurinn lýsir.

Móðir Felds, 24-431, var einlembd sem gemlingur en tvílembd nú í vor. Hún hefur 5,8 afurðastig fyrir eitt ár en haustuppgjör 2026 liggur ekki fyrir.

Litaerfðir: Nær öll lömb undan 24-212, föður Felds, hafa verið grá, eitt gráflekkótt og tvö svört. Feldur er örugglega arfblendinn grár og getur gefið svart. Hvort hann hefur erft tvílitinn frá föðurföður sínum, Móða 23-921, leiðir tíminn í ljós.

PrP arfgerð v/næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR/ARQ).



25-878
SÉRA ODDUR
frá Múla 2, Aðaldal

F PRESTUR 23-014 frá Presthvammi	FF MILLI 22-342	
	FM TVÍSTJARNA 15-162	
M TRÚÐA 21-038 frá Brúnahlíð	MF TORFI 17-816 frá Gróustöðum	
	MM MÓGOLTA 13-066	

Lýsing: Mógolsubíldóttur, hyrndur með gott hornalag. Skrokklangur og háfættur með beina og sterklega fætur. Fríður hrútur, rólegur og greindarlegur í fasi.

Bakgrunnur: Séra Oddur 25-878 rekur ættir sínar til suður-þingeysks forystufjár að miklu leyti og var það meginástæða þess að ákveðið var að velja hann til þjónustu við stöðvarnar þó hann hefði ekkert fram að færa hvað riðuarfgerðir varðar. Að sögn Jóhanns Gunnars Ellertssonar, fyrri eiganda, var Séra Oddur fæddur gæfur og fór strax að sækjast eftir athygli og kjassi. Hann hefur frá upphafi sótt í að fá klapp á kinn bæði inni í fjárhúsum og úti við án þess að vera með neinn yfirgang eða frekju. Í rekstri fer hann jafnan fremstur. Inni kemur hann sér fyrir á góðum stað og fylgist með vigtun eða öðru því sem er í gangi. Einstaklega þægilegt reynist að hafa hann með í lambahópum til að auðvelda rekstur þeirra. Af þessari umsögn má ráða að Séra Oddur er bæði þæg og notadrjúg forystukind.

Litaerfðir: Oddur hefur erfðavísi fyrir mógolsóttum lit og tvílit og gefur því væntanlega fjölbreytta liti.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Villigerð, arfhreinn (ARQ//ARQ).



Árangur sæðinga (ósamstilltar ær, ferskt sæði) og kjötmat 2026 eftir sæðingastöðvahrútum

Hyrndir hrútar, númer og nafn	Ær til uppgjörs	Árangur	Fædd lömb/á	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	% í E	% í U	% í 3
21-981 Álfur	474	77%	1,81	325	18,6	10,3	6,9	13%	51%	42%
22-913 Frosti	712	73%	1,88	342	18,6	10,7	6,8	16%	59%	48%
22-934 Fursti	145	62%	1,81	63	17,7	10,1	6,7	12%	44%	44%
23-937 Faldur	721	75%	1,82	365	18,5	11,1	6,8	24%	56%	44%
24-959 Hlekkur	385	71%	1,83	232	17,7	9,7	6,0	5%	46%	27%
24-960 Hrókur	1.272	74%	1,87	616	18,2	11,3	6,4	34%	45%	38%
24-982 Jarl	364	78%	1,95	245	17,8	10,2	6,2	12%	50%	32%
25-800 Hlíðar	639	80%	1,96	418	18,4	9,8	6,8	5%	52%	46%
25-801 Mökkur	659	78%	1,87	368	18,6	10,1	7,1	8%	50%	49%
25-802 Dalur	479	81%	1,98	310	18,6	10,1	6,9	7%	55%	47%
25-803 Verkur	744	77%	1,95	578	18,3	9,4	6,6	4%	40%	40%
25-804 Miðill	619	78%	1,89	380	18,9	10,1	7,1	8%	55%	52%
25-805 Postuli	857	77%	1,92	542	18,5	9,3	6,9	2%	42%	46%
25-806 Áttundi	1.031	77%	1,94	597	18,4	10,6	6,9	16%	56%	44%
25-807 Gígur	517	69%	1,79	237	18,2	9,8	6,6	8%	48%	42%
25-808 Boli	987	78%	1,95	688	19,0	10,2	7,3	12%	53%	55%
25-809 Háfur	434	82%	1,86	304	18,2	9,1	6,5	2%	34%	40%
25-810 Tandri	1.007	78%	1,91	636	18,3	10,0	7,0	8%	50%	47%
25-811 Skörðungur	1.494	72%	1,85	656	18,7	10,4	6,4	15%	50%	40%
25-812 Flói	1.097	74%	1,87	668	18,6	9,3	7,1	4%	37%	48%
25-814 Bryti	523	70%	1,87	338	18,6	10,6	6,5	17%	52%	34%
25-815 Korkur	558	78%	2,01	347	18,6	9,7	6,7	7%	45%	42%
25-816 Goði	998	70%	1,85	573	18,7	10,3	6,7	14%	48%	44%
25-817 Brútus	387	66%	1,80	194	19,4	10,0	6,9	13%	42%	40%
25-818 Magni	451	79%	1,91	377	18,0	9,3	7,1	5%	39%	43%
25-819 Máni	200	74%	1,83	142	18,1	9,7	6,9	9%	43%	44%
25-820 Búi	597	77%	1,86	398	18,3	9,7	6,9	7%	42%	46%
Kollóttir hrútar, númer og nafn	**18.351**	**75%**	**1,89**							
22-938 Bónus	236	77%	1,84	175	18,6	10,2	6,8	10%	50%	39%
24-983 Kútur	542	76%	1,92	307	18,3	10,5	7,2	18%	49%	50%
24-984 Vindur	464	73%	1,82	346	19,6	10,7	7,0	20%	54%	44%
25-821 Ísak	908	69%	1,78	340	19,0	10,4	7,1	11%	58%	47%
25-822 Rjómi	437	80%	1,89	311	18,3	10,9	7,3	24%	50%	54%
25-823 Mörður	321	77%	1,90	181	18,9	11,0	7,2	16%	60%	50%
25-824 Sproti	518	79%	1,88	261	18,3	10,4	7,3	15%	50%	51%
25-825 Natan	263	80%	1,82	160	18,8	9,6	6,6	6%	45%	43%
25-827 Vorboði	868	71%	1,77	429	19,1	10,4	7,5	14%	52%	44%
25-828 Völusteinn	1.394	75%	1,81	768	19,2	10,3	7,3	15%	48%	46%
25-829 Ljómi	539	73%	1,77	290	18,1	9,7	7,1	7%	42%	39%
25-831 Fáni	587	76%	1,85	445	19,2	10,7	7,3	18%	50%	44%
25-832 Leví	555	78%	1,83	321	19,1	12,3	7,3	52%	36%	45%
25-833 Hróður	530	73%	1,88	388	19,5	9,4	7,0	5%	38%	44%
25-834 Potter	281	78%	1,83	181	19,3	10,7	7,3	22%	45%	48%
Aðrir hrútar, númer og nafn	**8.443**	**75%**	**1,83**							
22-978 Jökull	40	95%	2,03							
22-980 Bárður	28	63%	1,81							
23-979 Silfurprúður	18	75%	1,55							
24-976 Völundur	48	83%	1,68							
24-977 Keli	47	79%	1,70							
	181	**81%**	**1,77**							
Samtals	**26.975**	**75%**	**1,87**							
Sauðfjársæðingastöð Suðurlands	13.688	76%	1,90							
Sauðfjársæðingastöð Vesturlands	13.287	74%	1,84							
Samstilltar ær, landið	1.601	56%	1,78							
Samstilltar á öðru gangmáli landið	137	79%	1,86							
Fryst sæði allt landið	3	66%	1,00							



Mynd: Harpa Dagbjört Bjarnadóttir

Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 3. nóvember 2026



Þórdís Þórarinsdóttir


BREYTINGAR Á HEILDAREINKUNN KYNBÓTAMATS Í SAUÐFJÁRRÆKT

Á síðasta ári birtust niðurstöður verkefnisins „Ræktun fyrir hagkvæmri lambakjötsframleiðslu“ sem unnið var af Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sjá Rit LbhÍ nr. 180. Í sumar hefur verið unnið að því innleiða breytingar á kynbótamati í sauðfjárrækt í samræmi við ályktanir verkefnisins.

Þar má fyrst nefna að vægi eiginleika í heildareinkunn kynbótamats hefur verið breytt (eldri vægi í sviga). Samkvæmt niðurstöðum verkefnisins skilar ný samsetning heildareinkunnar mestum hagrænum ávinningi í kynbótastarfinu:

- **Gerð 31% (25%)**
- **Fita, að kjörgildi 3% (5% línuleg)**
- **Fallþungi bein áhrif 21% (20%)**
- **Fallþungi mæðra áhrif 15% (20%)**
- **Frjósemi 30% (30%)**


Önnur breyting er að í nýrri heildareinkunn er ekki hin hefðbundna línulega einkunn fyrir fitu þar sem gripir sem gefa magurt fá hærri einkunnur og gripir sem gefa feitt fá lægri einkunnir. Þess í stað er komin inn ný einkunn þar sem einkunn fyrir fitu er reiknuð út frá kjörgildi en kjörgildið samkvæmt áður nefndu verkefni er 6,55. Gripir sem fá kynbótamat næst kjörgildinu fá því hæstu einkunnirnar og frávik frá kjörgildi (í báðar áttir) leiða til lækkunar. Einkunn fyrir kjörgildi fitu sést ekki í Fjárvís eins og er. Á skýringarmyndinni hér fyrir neðan má hins vegar sjá að gripir sem fá einkunnir u.þ.b. á bilinu 95-105 á línulegum skala fyrir fitu fá hæstu einkunnirnar fyrir kjörgildi fitu.



Hluti verkefnisins var einnig að endurreikna erfðastuðla sem notaðir eru í kynbótamati fyrir þungaeiginleika. Niðurstöður sýndu að arfgengi beinna áhrifa á fallþunga og lífþunga að hausti, þ.e. erfðaeiginleikar lambsins sjálfs til að verða vænt, er um 0,15-0,16, en arfgengi mæðraáhrifa, þ.e. eiginleiki áa til að eiga væn lömb, er um 0,12-0,13. Erfðafylgni á milli beinna áhrifa og mæðra áhrifa er aðeins neikvæð. Búið er að innleiða nýja erfðastuðla í kynbótamatið.

Einkunn bónda í Fjárvís

Að lokum er gott að minna á að í kynbótamatsyfirlitinu í Fjárvís birtast tvær samsettar einkunnir. Fyrrnefnd heildareinkunn kynbótastarfsins, en einnig má þar finna einkunn bónda. Ef farið er í Notandi og Stillingar geta bændur stillt þessa einkunn eftir sínu höfði fyrir sína hjörð (sjá mynd).




Jón Hjalti Eiríksson

RÆKTUN GEGN RIÐU HEFUR EKKI AUKIÐ SKYLDLEIKARÆKT (ENN)


Nú þegar við höfum verið að rækta íslenska sauðfjárstofninn fyrir riðumótstöðu í nokkur ár er ekki úr vegi að líta á hvernig það hefur haft áhrif á erfðafjölbreytni og skyldleikarækt í stofninum. Til þess skoðaði ég fimm síðustu árganga ásettra kinda, bæði hrúta og áa, og mat fyrir þá samsætutíðni í Príon geninu (sem ræður riðumótstöðu), meðalskyldleikarækt, meðalskyldleika á milli gripa og meðalaldur feðra, allt með ætternisupplýsingum úr Fjárvís. Samsætutíðnin segir til um hversu algeng hver genasamsæta er í stofninum, þannig að arfhreinar kindur gilda tvöfalt miðað við arfblendnar. Aðferðin sem hér er notuð til að meta samsætutíðni tekur til allra kinda, hvort sem þær hafa verið arfgerðargreindar eða ekki. Skyldleikarækt metin með ættartölu eykst alltaf lítillega með tímanum í búfjárstofnum en aukningunni ætti að halda lágri til að forðast skyldleikaræktarhnignun og tap erfðafjölbreytni. Meðalskyldleikinn segir til um meðaltal innbyrðis skyldleika kindanna (hrúta annars vegar og áa hins vegar) í hverjum árgangi, en aukinn meðalskyldleiki leiðir til aukinnar skyldleikaræktar í framtíðinni og hættu á tapi erfðafjölbreytni. Meðalaldur foreldra segir svo til um ættliðabilið.

Ef við skoðum fyrst þróun á samsætutíðninni sést á meðfylgjandi línuriti hvernig tíðni R_{171} samsætunnar, einnig þekkt sem ARR, hefur rokið upp síðustu ár, frá því að vera til í örfáum kindum, upp í 20% tíðni í ásettum hrútum og 11% í ásettum gimbrum 2025. Á sama tíma hefur tíðni T_{137} og C_{151} aukist, tíðni T_{137} var minni en 0,1% 2021 en komin í 1,5% í hrútum fæddum 2025 og 0,8% í ám. Tíðni C_{151} var um hálft prósent 2021 en um tvö prósent í hrútum fæddum 2025 og um eitt prósent í ám. Hlutfall næmra samsæta hefur lækkað á móti.


Hvað varðar skyldleikarækt er skemmst frá því að segja að hún hefur ekki aukist í stofninum á síðustu árum eins og sést á línuritinu. Hrútar fæddir 2024 eru meira að segja heldur minna skyldleikaræktaðir að jafnaði en árgangarnir á undan. Það stafar líklega af því að í þeim árgangi varð mikil blöndun hyrnds og kollótts fjár við innreið Þernunesstofnsins. Sé aftur á móti skoðað hve margt fjár í árgöngunum er skylt innbyrðis sést að ásettir hrútar 2024 eru heldur meira skyldir hver öðrum en ásetningshóparnir árin á undan. Aftur á móti dregur heldur úr skyldleikanum 2025. Stórir hópar sonarsona Gullmola 22-902 og sonarsona/sonarsonasona Gimsteins 21-899 skýra trúlega aukinn meðalskyldleika 2024. Ásetningshópurinn 2025 er svo að miklum hluta kominn kynslóð lengra svo skyldleiki í gegnum þá kumpána verður minni. Skoðun á erfðahlutdeild Gullmola og Gimsteins í sauðfjárstofninum á landsvísu sem kemur fram í meðfylgjandi töflu styður þetta. Hlutdeild Gimsteins í 2024 árgangi hrúta var 5,4%, mesta hlutdeild nokkurs hrúts, og Gullmoli þar stutt á eftir. Í 2025 árganginum eru framlög Þernuneshrútanna minni og Strammi 83-833 og Lækur 97-843 aftur komnir á toppinn.




Þróun á tíðni R171 samsætunnar í ásettu fé.



Meðalaldur feðra ásetts fjár eftir árum.



Meðal skyldleikaræktarstuðull ásetts fjár eftir árum, metið út frá ættartölu.



Meðal innbyrðis skyldleiki ásetts fjár eftir árum samkvæmt ættartölu.



Eitt af því sem lagt var upp með í skipulagi á ræktun gegn riðu var að endurnýja hrúta hratt, og nota R_{171}(ARR) hrútana almennt bara eitt ár til að byrja með. Áhrif þess á meðalaldur feðra sjást vel, en meðalaldur hrútafeðra hefur farið úr 2,8 árum að meðaltali 2021 og 2022 niður í 1,7 ár fyrir feður ásettra hrúta 2025. Hröð endurnýjun á hrútakosti sæðingastöðvanna skýrir þetta trúlega að heilmiklu leyti en einnig hafa orðið breytingar heima á búunum. Niðurstöður um meðalskyldleika, sem hefur ekki vaxið eftir 2024, og erfðahlutdeild Þernunesshrútanna í 2025 hópnum bendir líka til að þetta hafi virkað til að passa upp á að þeirra erfðaefni, fyrir utan R_{171} samsætuna, verði ekki of ráðandi í stofninum með tilheyrandi hættu á aukinni skyldleikarækt og áhættu vegna erfðagalla.

Erfðahlutdeild fyrstu R_{171} arfberanna sem komu til ræktunnar í ásettu fé ásamt hlutdeild tveggja áhrifamestu ættfeðra í stofninum.

Ár:	2024		2025	
	Hrútar	Ær	Hrútar	Ær
Gimsteinn 21-899	**5,4%**	**2,8%**	**3,0%**	**2,5%**
Gullmoli 22-902	**4,6%**	**1,7%**	**3,7%**	**2,3%**
Lækur 97-843	**4,3%**	**4,6%**	**4,5%**	**4,6%**
Strammi 83-833	**4,1%**	**4,4%**	**4,3%**	**4,5%**



Hröð byrjun innleiðingar verndandi arfgerða gagnvart riðu inn í íslenska sauðfjárstofninn virðist hafa tekist án þess að það horfi illa varðandi skyldleikarækt eða erfðafjölbreytni í stofninum. Aukin notkun lambhrúta hefur þar verið mikilvægur þáttur. Ræktendur ættu þess vegna ekki að láta áhyggjur af skyldleikarækt hægja á sér í innleiðingu verndandi arfgerða. Varðandi hrútanotkun eru tölur sem eru birtar í hrútaskránni um hlutdeild Gimsteins og Gullmola mjög gagnlegar. Þar er kostur að nota hrúta með lægri tölu og nú eru orðnir til heilmargir arfberar R_{171} með 6,25%, og jafnvel 3,125%, sem sagt fjórða og fimmta kynslóð frá þeim. Þegar komið er niður í slíkar tölur dregur úr ástæðum til að nota bara lambhrúta og verður óhætt að auka notkun afkvæmaprófaðra hrúta með verndandi arfgerðir á næstu árum. Jafnframt verður hægt að draga úr arfgerðargreiningum með því að fjölga arfhreinum hrútum í næstu kynslóðum.

SAUÐFJÁRSÆÐINGAR OG BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili, þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 45 klst.) en egglosið verður 24-30 klst. eftir að beiðslið byrjar og eggið er frjótt í allt að 24 klst. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ánna.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 20-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni og leitað er þrisvar sinnum á sólarhring. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfall eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu og stóru sauðfjárbúunum eru engir eða fáir aðrir gripir sem draga athyglina frá fénu og umgengni í fjárhúsum er meiri og tíðar en á blönduðum búum. Þar sem sauðfé er fátt er frístundabúskapur og féð jafnan spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingar á þessum búum.

SAMSTILLINGAR

SAMSTILLING MEÐ SVÖMPUM

Sumir velja þann kost að samstilla gangmál ánna sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstilla ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið og frjósemin hefur verið talsvert lakari en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að blæsma ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðslið sést.

SAMSTILLING MEÐ SPRAUTUM

Undanfarin ár hefur ekki verið hægt að fá samstillingarsvampa, þá hefur verið brugðið á það ráð að nota prostaglandin sprautur. Þá er fenginn dýralæknir til þess að sprauta ærnar og þær blæsma næstu daga. Til að samstillingin takist sem best er sprautað tvisvar með 7 til 9 daga millibili. Blæsmin dreifast heldur meira en þegar notaður er svampur. Aðferðin hentar vel ef hleypa á til ánna en ef á að sæða er best að byrja að leita að blæsma ám strax daginn eftir seinni sprautuna og sæða 16 til 24 klst. eftir að ærin sést standa undir hrút.

SAMSTILLING MEÐ HRÚTAÁHRIFUM

Ef ánum er haldið frá fullorðnum hrútum fara þær ekki að ganga fyrr en seint í nóvember. Ef þær eru látnar komast vel í tæri við hrúta upp úr miðjum nóvember er líklegt að þær verði blæsma 19 til 23 dögum seinna 4. til 8. desember miðað við hrúta í 15. nóvember. Ef vitað er hvenær á að sæða er hægt taka ærnar á hús og leiða hrúta í gegnum hjörðina 20 til 21 degi fyrr.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR:
Hiti yfir frostmarki,
gott skipulag, rólegheit.
Egglos verður 24-30 klst.
eftir upphaf blæsmis.

→ Dæmi:
Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar, þær á ekki að sæða. Leitað kvöldið áður en á að sæða og valdar ær til að sæða.

SAMSTILLING:
Svampur hafður í 14 daga.
Sæðing 55 til 60 klst. eftir úrtöku.

→ Dæmi:
Sæðing 15. desember kl. 15.
Svampar settir í 29. nóvember.
Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.


SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI:
Svampur hafður í 14 daga.
Sætt 18, 19 og 20 dögum eftir úrtöku.

→ Dæmi:
Sæðing 15. desember kl. 15.
Svampar settir í 13. nóv.
Svampar teknir úr 27. nóv.
Leitað að kvöldi 14. des, 15. og 16. des. Sæðing næsta dag eftir að sést á ánum.

FRYST SÆÐI:

Leita skal þrisvar sinnum á sólarhring, t.d. kl. 7 að morgni, aftur kl. 15 og að lokum kl. 23 að kvöldi. Sæða skal þær ær sem eru blæsma 20-24 klst. seinna.

Dæmi um verklag sem má viðhafa við notkun frysts sæðis:



MEÐHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Ekki er þörf á að kæla sæðið meira ef á að nota það innan skamms, en það þarf að kæla sæðið niður í 5°C ef á að nota það seint að deginum, um kvöldið eða næsta dag. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepið sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráið vel áður en það er sett í sæðingatækið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga tommustokk, málbandi eða hreinum járntein ofan í botn á kútnum og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki má vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í stúti kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

ÞÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.
  - o Ministrá (grönn 0,25 ml strá) skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.
  - o Mediumstrá (sverari 0,5 ml strá) skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglulega (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabrúsa með mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þítt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Hitið sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráið er sett í.
- Passið að sæðingatækið sé þurrt.
- Eftir að stráið hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.
- Athugið að uppþídd strá skal nota strax!

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. Skráning sæðingadagbóka

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

2. Skráning í fjarvis.is

a. Skráið ykkur inn á www.fjarvis.is.

b. Veljið <Skrá sæðingar> í boxinu vinstra megin.

c. Skráið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., tímasetningu sæðinga, hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

NOKKUR RÁÐ TIL ÞESS AÐ NÁ GÓÐUM ÁRANGRI

Daginn áður en á að sæða er farið í fjárhúsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða daginn eftir.

Seint kvöldið áður en á að sæða er leitað aftur og þær ær sem eru blæsma nú, en voru ekki blæsma um morguninn, eru teknar frá og settar í stíu/spil/krubbu nærri hrútunum. Það ættu að líða 16-24 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að ragast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!

Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!

Gæði alla leið

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA

Fjölskyldan á Hrafnkelsstöðum er hluti
þeirra 900 bænda sem eiga SS.



Íslenska sveitin og SS
– Fyrir þig